

Krakka
blak



Ársskýrsla BLÍ



BLAKSAM BAND
ÍSLANDS



Ársskýrsla

2011-2012



SPORTÍS
Heildverslun



Bronsið U19 kvenna í Færeyjum 2011



MIKASA

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
STJÓRN BLÍ.....	3
NEFNDIR BLÍ.....	4
FJÖLDI BLAKIÐKENDA FRÁ 1969 OG FULLTRÚAR Á BLAKÞINGI ÁRIÐ 2011	5
SKÝRSLA STJÓRNAR BLÍ 2010-2011	7
STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN.....	7
MÓTA- OG DÓMARAMÁL.....	7
ÁRS- OG UPPSKERUHÁTÍÐ BLÍ	8
FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI	10
ERLEND SAMSKIPTI.....	10
FJÁRMÁL.....	11
FRAMTÍÐIN	11
SKÝRSLA MÓTANEFNDAR BLÍ.....	11
HAUSTMÓT BLÍ	12
MIKASADEILD KVENNA	13
ÚRSLITAKEPPNI KVENNA	14
MIKASADEILD KARLA	15
ÚRSLITAKEPPNI KARLA	15
2. DEILD KARLA	16
ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA	17
2. DEILD KVENNA.....	17
ÚRSLITAKEPPNI Í 2. DEILD KVENNA.....	18
3. DEILD KVENNA.....	18
4. DEILD KVENNA.....	19
BRIDGESTONEBIKARINN 2011	21
LOKAORÐ.....	24
SKÝRSLA YNGRIFLOKKANEFNDAR BLÍ	25
SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR	31
KARLALANDSLIÐ ÍSLANDS	31
KVENNALANDSLIÐ ÍSLANDS.....	33
UNGLINGALANDSLIÐ ÍSLANDS	35
SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR BLÍ KEPPNISTÍMABILIÐ 2010 – 2011	37
ÞINGGERÐ 36. ÖLDUNGAPINGS BLÍ 2011	42
STRANDBLAK - ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2010	45
ÁRSREIKNINGUR 2010	58
VIÐAUKAR	69

Blaksamband Íslands

2011-2012

Stjórn BLÍ

Formaður	Jason Ívarsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Aðalsteinn Einar Eymundsson
Ritari	Svala Vignisdóttir
Meðstjórnandi	Kristján Geir Guðmundsson
Varastjórn	Óskar Hauksson Hreggviður Norðdahl Valdimar Hafsteinsson
Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson

Nefndir BLÍ

<u>Mótanefnd</u> Sævar Már Guðmundsson, formaður Davíð Búi Halldórsson Jason Ívarsson	<u>Landsliðsnefnd</u> Stefán Jóhannesson, formaður Sævar Már Guðmundsson
<u>Dómaranefnd</u> Jón Ólafur Valdimarsson, formaður Sævar Már Guðmundsson	<u>Yngriflokkanefnd</u> Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður Emil Gunnarsson Miglena Apostolova Valtýr Freyr Helgason Ásta Sigrún Gylfadóttir
<u>Skoðunarmenn reikninga</u> Hjörtur Halldórsson Davíð Búi Halldórsson	<u>Strandblaksnefnd</u> Karl Sigurðsson Einar Sigurðsson Brynjar Pétursson
<u>Aganefnd</u> Hreggviður Nordahl Jón Gunnar Sveinsson Þorvaldur Sigurðsson	<u>Fjölmiðlafulltrúi</u> Stefán Jóhannesson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2012

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1980	2579	1991	2567	2002	1786
1970	237	1981	2513	1992	2200	2003	1981
1971	479	1982	2519	1993	2074	2004	1830
1972	649	1983	2426	1994	1848	2005	1624
1973	855	1984	2362	1995	1961	2006	1827
1974	1334	1985	2362	1996	1592	2007	1918
1975	1609	1986	2775	1997	1592	2008	2076
1976	1974	1987	2955	1998	1217	2009	2005
1977	2257	1988	2906	1999	1662	2010	2013
1978	2501	1989	2869	2000	1862	2011	2316
1979	2567	1990	2718	2001	1345		

Ársþing BLÍ 12. maí 2012

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/liða
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	251	7	
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	105	4	
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	104	4	
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	40	2	
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	221	6	
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	28	2	
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	160	5	2
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	376	9	2
Ungmenna og íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	278	7	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	16	1	
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	15	1	
Ungmennasamband Kjalarnespings	UMSK	585	13	6
Ungmennasambandið Úlfjótur	USÚ	114	4	
Ungmenna og Íþróttasamband Fjallabyggðar	UÍF	23	1	
Samtals		2316	66	11

Samtals
fulltrúar 77

Dagskrá

40. ársþings BLÍ, haldið í Laugardalshöllinni í Laugardal í Reykjavík,
laugardaginn 12. maí 2012, kl. 09.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laga- og leikreglnanefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
 - e) Uppstillingarnefnd
4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar síðasta starfsárs
6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
7. Ávarp annarra boðsgesta
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Laga- og leikreglnabreytingar
10. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
11. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

12. Nefndarstörf
13. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
14. Ákveðið gjald ævifélaga
15. Önnur mál
16. Kosningar;
 - a) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2011-2012

Stjórn og framkvæmdastjórn

Á 39. ársþingi BLÍ 2011 var Jason Ívarsson endurkjörinn formaður BLÍ til tveggja ára. Aðalheiður Sigursveinsdóttir gjaldkeri gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa og var Aðalsteinn Einar Eymundsson kjörinn inn í stjórn BLÍ í hennar stað. Svala Vignisdóttir átti að ganga ur stjórn en hún gaf áfram kost á sér. Á fyrsta fundi stjórnar var skipt niður verkum. Stefán Jóhannesson tók sæti varaformanns, Aðalsteinn Einar Eymundsson, gjaldkeri, Svala Vignisdóttir, ritari og Kristján Geir Guðmundsson, meðstjórnandi. Í varastjórn voru Óskar Hauksson, Valdimar Hafsteinsson og Hreggviður Norðdahl kosnir af þingheimi.



Á starfsárinu voru haldnir 7 stjórnarfundir, allir í húsakynnum BLÍ í Laugardal. Töluvert var um samskipti stjórnar í tölvubréfum og símtölum. Sævar Már Guðmundsson var endurráðinn framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi.

Skipað var í nefndir á fyrsta fundinum. Stefán Jóhannesson er formaður landsliðsnefndar, Jón Ólafur Valdimarsson, formaður dómarnefndar, Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður Yngriflokkanefndar og framkvæmdastjóri BLÍ formaður mótanefndar. Karl Sigurðsson er áfram formaður strandblaknefndar BLÍ. Aganefnd var skipuð þeim Hreggviði Norðdahl, Jóni Gunnari Sveinssyni og Þorvaldi Sigurðssyni.

Móta- og dómaramál

Íslandsmót BLÍ var stórt að vanda en alls tóku 70 lið þátt á þessum vetri. Leikið var í tveimur deildum í karlaflokki og fjórum deildum í kvennaflokki. Það er mikið gleðiefni að fjölgun í deildakeppni er orðin þetta mikil og stofnun fleiri deilda er óumflýjanleg fyrir næstkomandi keppnistímabil.

Mikasa var áfram styrktaraðili efstu deilda karla og kvenna en í deildunum voru 11 lið, 7 í kvennaflokki og 4 í karlaflokki. Sportís ehf. var styrktaraðili bikarkeppninnar og nefndist keppnin því, Asicsbikarinn. Almenn ánægja er með þessa föstu styrktaraðila fyrir keppnir sambandsins og styrktaraðilar vonandi ánægðir með sinn hlut.

Úrslitakeppni hófst eftir að deildakeppni lauk í öllum deildum. Hefðbundin úrslitakeppni var í Mikasadeildunum þar sem vinna þurfti tvo leiki til þess að komast í úrslit. Einnig þurfti að vinna tvo leiki til þess að vinna Íslandsmeistaratitilinn. Úrslitin í 3. og 4. deild kvenna var á Álftanesi helgina 23.-25. mars og úrslitakeppni 2. deildar karla og kvenna fór fram að Varmá í Mosfellsbæ 30. og 31. mars. Blakdeildum Álftaness og Aftureldingar er þakkað gott starf í framkvæmd og skipulagningu þessara keppna.

Dómaramál sambandsins voru í ágætum farvegi. Vandamálín voru fá en þau leystust yfirleitt með litlum tilkostnaði en ferðakostnaður vegna dómgæslu var í algjöru lágmarki þennan veturinn. Í janúar var haldið dómaramámskeið á Akureyri sem tókst vel. Jón Ólafur Valdimarsson var fyrirlesari á námskeiðinu en þátttakendur voru 20 talsins víðsvegar að af Norðurlandi.

Alþjóðadómarar okkar Íslendinga í blaki, Jón Ólafur Valdimarsson og Leifur Harðarson fengu fjölmörg verkefni á árinu. Leifur fór með A landsliðunum til Liechtenstein á Smáþjóðaleikana í júní á síðasta ári og Jón Ólafur fór með U17 ára landsliðunum til Svíþjóðar í september. Þá dæmdu þeir leiki í Evrópu deildinni í

október og desember. Ísland eignaðist nýjan kandiðat í alþjóðaðómgæslu en Sævar Már Guðmundsson fór á námskeið til Rúmeníu í október og öðlaðist réttindi sem slíkur. Hans fyrsta verkefni var í Færeyjum þegar hann dæmði leiki í U19 ára NEVZA keppni í nóvember.

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ

Þann 31. mars var vegleg veisla haldin í Hlégarði í Mosfellsbæ. Árs- og uppskeruhátíð BLÍ var í umsjón blakdeildar Aftureldingar og var þema kvöldsins Las Vegas. Heiðursgestur BLÍ var formaður UMSK, Valdimar Friðriksson. Grétar Sigurðsson stjórnaði veislunni og skemmtiatriðum kvöldsins.

Blaksambandið verðlaunaði einstaklinga fyrir góðan árangur í vetur með glæsilegum verðlaunum frá KLM.

Lið ársins í Mikasadeild kvenna

- ❖ Stigahæst í uppgjöf: Guðrún Ása Kristleifsdóttir, HK
- ❖ Besti uppspilarinn: Ventsesleva Marinova, Aftureldingu
- ❖ Stigahæst í hávörn: Fjóla Rut Svavarsdóttir, Þrótti Reykjavík
- ❖ Stigahæst í sókn: Fjóla Rut Svavarsdóttir, Þrótti Reykjavík
- ❖ Besti frelsinginn: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, Þrótti Nes
- ❖ Besti þjálfarinn var kjörinn Matthías Haraldsson, Þrótti Nes

Stigahæsti leikmaður Mikasadeildar kvenna var Fjóla Rut Svavarsdóttir, Þrótti Reykjavík.

Lið ársins í Mikasadeild karla

- ❖ Stigahæstur í uppgjöf: Ingólfur Hilmar Guðjónsson, HK
- ❖ Besti uppspilarinn: Filip Szcwzyk, KA
- ❖ Stigahæstur í hávörn: Alexander Stefánsson, HK
- ❖ Stigahæstur í sókn: Piotr Kempisty, KA
- ❖ Besti frelsinginn: Halldór Ingi Kárasen, Þrótti Reykjavík
- ❖ Besti þjálfarinn var kjörinn Róbert Karl Hlöðversson, Stjórnunni.

Stigahæsti leikmaður Mikasadeildar karla var Piotr Kempisty, KA.

Besti dómari tímabilsins var kjörinn Sævar Már Guðmundsson



Efnilegasti leikmaður Mikasadeildar kvenna var kjörin Lilja Einarsdóttir, Þrótti Nes.

Efnilegasti leikmaður Mikasadeildar karla var kjörinn Lúðvík Már Matthíasson, HK.

Besti leikmaður Mikasadeildar kvenna var kjörin Fjóla Rut Svavarsdóttir, Þrótti Reykjavík.

Besti leikmaður Mikasadeildar karla var kjörinn Filip Szcwzyk, KA

Besti leikmaður 2. deildar kvenna var kjörin Sesselja Jónsdóttir, HK.

Besti leikmaður 2. deild karla var kjörinn Eggert Marinósson, Fylki.

Besti leikmaður 3. deildar kvenna var kjörin Nicole Hannah Johansen, Stjörnunni C.

Besti leikmaður 4. deildar kvenna var Berglind Gígja Jónsdóttir, HK B.

Blakmaður og kona ársins 2011

Í samvinnu við ÍSÍ valdi stjórn BLÍ blakmann og blakkonu ársins 2011.



Blakmaður ársins 2011: Hafsteinn Valdimarsson, Marienlyst.

- Leikmaður með Marienlyst í Danmörku.
- Fór til félagsins í sumar eftir tveggja ára veru í HIK Aalborg ásamt tvíburabróður sínum. HIK Aalborg endaði í fimmta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar 2011.
- Marienlyst er sem stendur á toppnum í dönsku úrvalsdeildinni með jafnmörg stig og Gentofte sem er á toppnum og hefur Hafsteinn spilað stórt hlutverk með liðinu á þessari leiktíð. Liðið er í úrslitum dönsku bikarkeppinnar og stefnir á að verja þann titil.
- Marienlyst er eitt fjögurra liða í úrslitum Norðurlandamóts félagsliða sem fram fer í lok janúar 2012. Liðið lenti í 3. sæti þessarar keppni á síðustu leiktíð.
- Hafsteinn var burðarás í A landsliði Íslands þegar liðið spilaði í úrslitum EM smáþjóða í maí 2011 og á Smáþjóðaleikunum í júní 2011.

Blakkona ársins 2011: Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Rote Raben.

- Leikmaður með Rote Raben í Þýskalandi.
- Jóna Guðlaug lék með UiS Volley í Stavanger í Noregi á síðustu leiktíð. UiS Volley varð bikarmeistari í Noregi 2011 og Noregsmeistari 2011.
- Jóna Guðlaug var valin Besti leikmaðurinn (MVP) í bikarúrslitaleiknum í janúar 2011 í Noregi og var hún stigahæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð.
- Hún er atvinnumaður með Rote Raben í Þýskalandi en félagið er á toppi þýsku úrvalsdeildarinnar um þessar mundir og ætla sér stóra hluti í vor.
- Jóna Guðlaug var í A landsliði Íslands á Smáþjóðaleikunum og var einn af burðarásunum liðsins.



Fjölmiðlar og samskipti

Blakhreyfingin hefur oftast verið undir í baráttunni um tíma og pláss í fjölmiðlum. Undanfarin ár hefur verið reynt að gera bragarbót á þessum atriðum. Heimasíða sambandsins er fréttaveita fyrir fjölmiðla og hefur t.a.m. www.mbl.is notað síðuna nokkuð mikið við skrif á fréttum. Volleyball.is hefur einnig verið virk á þessu starfsári en félögin sjálf sjá mikið um fréttaflutning af sínum liðum á heimasíðum sínum en þær eru því miður misjafnlega mikið virkar.

RÚV sýndi frá bikarúrslitaleikjum 2012 með stuðningi frá Sportís ehf. Má hrósa sjónvarpsmönnum fyrir að sýna okkar íþrótt en útsendingin setti svip sinn á keppnina og umgjörðina í Laugardalshöllinni. Morgunblaðið greindi vel frá úrslitum ef þeim var komið til blaðsins, og segja má að sá miðill hafi staðið sig hvað best í umfjöllun um blakið. Fréttamenn frá Morgunblaðinu voru duglegir að láta sjá sig á blakleikjum í vetur og skýrðu vel frá þeim leikjum sem þeir sáu. Í þeim tilfellum sem fréttamenn mættu voru þeir með svokallaða textalýsingu af leikjum.

Samskiptin við félögin voru góð en heimasíðan og tölvupóstur eru sterkustu tækin til þess að miðla upplýsingum til félaganna.



Erlend samskipti

Jason Ívarsson, formaður BLÍ, sótti árþing CEV sem haldið var í Vínarborg í október 2011. Þá sótti hann einnig þing SCD og NEVZA á sama stað. Jason sótti jafnframt tæknifund NEVZA í Kaupmannahöfn í júní 2011 en annar slíkur fundur var haldinn í Færeyjum í lok mars. Á þann fund fór Magnús Aðalsteinsson fyrir hönd Blaksambandsins.

Fjármál

Velta sambandsins var rúmar 28 milljónir á síðasta ári og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði rétt rúmar tvö hundruð þúsund krónur. Veltan stóð í stað á milli ára og tapið lítið frá fyrra ári að teknu tilliti til fjármagnsliða. Stærsti rekstrarþátturinn í rekstri BLÍ eru landsliðin. Skuldir hafa verið greiddar nokkuð hratt niður síðustu misserin og strax á næsta ári munu afborganir af lánum verða mun viðráðanlegri en nú er. Það segir sig sjálft að á meðan að verið er að lækka skuldir jafnmikið og raunin er að þá hefur sambandið úr minni fjármunum að spila sem annars færu í það að styðja við ýmis verkefni sem hreyfingin kallar eftir.

Framtíðin

Stjórn BLÍ á hverjum tíma hefur það að markmiði að viðhalda og efla starf blakíþróttarinnar í landinu. Það næst best með því að vera í sem bestu sambandi og samstarfi við félögin í landinu enda eru það þau sem leggja grunninn að starfsemi blakhreyfingarinnar. Blaksambandið verður ekki sterkara en félögin sem að því standa. Það eru hinsvegar fjármálin sem að miklu leyti smíða rammann utan um starfið. Það er kunnara en frá þarf að segja að baráttan um fjármagn til íþróttahreyfingarinnar í landinu er erfið og harðnar sífellt. Sambandið hefur ákveðið að halda áfram úti landsliðum í inni- og strandblaki. Þó þau verkefni séu fjárfrek þá eru þau talin það mikils virði fyrir hreyfinguna að þeim verði ekki hætt a.m.k. að sinni.

Menntun þjálfara og útbreiðsla íþróttarinnar eru brýn verkefni sem vonandi tekst að sinna betur á komandi misserum.

Að lokum þakkar stjórn Blaksambandsins félögunum í landinu góða samvinnu og samstarf svo og öllum þeim sem lögðu hreyfingunni lið á starfsárinu fyrir þeirra framlag.



Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Störf mótanefndar BLÍ hófust í maí 2011 þegar óskað var eftir staðfestingum í deildakeppni Íslandsmótsins. Félögum var gefinn var frestur til 21. júní að staðfesta veru sína í deildakeppni en þó voru nokkur félög, sérstaklega í neðstu deildum, sem höfðu ekki samband. Í ágúst var viðburðadagatal sent út með helstu dagsetningum vegna tímabilsins og ljóst að deildirnar yrðu fjórar í kvennaflokki og tvær í karlaflokki. Heildarfjöldi liða í Íslandsmóti BLÍ veturinn 2011 – 2012 var 70 lið, 15 karlalið og 55 kvennalið. Í efstu deild kvenna fjölgaði um 1 lið en í karlaflokki fækkaði um 1 lið

Á haustdögum var kallað eftir skráningum í bikarkeppni en stjórn BLÍ hafði ákveðið að bikarmótin yrðu annarsvegar í Fagralundi og hinsvegar í Íþróttahöllinni á Akureyri. Mótið í Fagralundi var haldið 21.-22. október 2011 og í Íþróttahöllinni á Akureyri 10.-11. febrúar 2012. Fjöldi liða í bikarnum voru 15 talsins, 7 karlalið og 8 kvennalið.

Þegar líða tók á haustið tókust samningar við Sportís heildverslun um að vera styrktaraðili bikarkeppninnar og hlaut hún nafnið Asicsbikarinn þegar dregið var í undanúrslit þann 29. febrúar 2012. Mikasa umboðið á Íslandi stendur þétt við bak Blaksambands Íslands sem styrktaraðili deildarkeppni efstu deildar Íslandsmótsins sem heitir Mikasadeildin.

Eftir vel heppnaðar undankeppnir í bikarnum, í Fagralundi og í Íþróttahöllinni á Akureyri var spilað í undanúrslitum og úrslitum. Þeir leikir fóru fram í Laugardalshöllinni 17.-18. mars 2012 og voru úrslitaleikirnir sýndir í beinni útsendingu sjónvarps. Blakdeild HK var með umsjón og veitingasölu í Laugardalshöllinni þessa helgi og er deildinni færðar sérstakar þakkir fyrir gott starf.

Í vetur var mótavefurinn www.blak.is notaður fyrir Íslandsmótið. Vefurinn er aðgengilegur fyrir mótisstjóra en hægt er að setja inn úrslit hvar sem er í heiminum gegnum netið. Vefurinn er í stöðugri þróun og verður vonandi betri í framtíðinni með tengingu í félagatal ÍSÍ, FELIX. Fjármagn vantar til þess að gera vefinn betri og er draumur mótanefndar sá að hægt verði að stýra liðsupplýsingum inn í hvern leik og vera með beina útsendingu á netinu. Þannig væri hægt að sjá tölfræði leikmanna við hverja uppfærslu vefsins á meðan á leik stendur og jafnvel hægt að tengja tökuvél við. Með tímanum mun þróunin verða svona og sjáum við t.d. beinar útsendingar á netinu víða í Evrópu nú þegar, sem félögin eru sjálf að sjá um.



Mikil vakning hefur verið hjá félögunum um beinar útsendingar. Þróttur í Neskaupstað er með sína vél og sýnir beint í gegnum Ustream. Þá var Afturelding með Sporttv.is á öllum sínum heimaleikjum í vetur en þeir sýndu einn annan leik í beinni á netinu, viðureign Stjörnnunnar og HK í karlaflokki í október. Það er von okkar að öll félög bæti sína umgjörð með þessum hætti og líti sérstaklega til Blakdeilda

Aftureldingar og Þróttar Nes. Eflaust eru forsvarsmenn þeirra félaga tilbúnir til þess að leiðbeina öðrum félögum ef þörf er á.

Alls voru 535 opinberir blakleikir í vetur; 461 deildarleikir, 52 bikarleikir og 22 leikir í úrslitakeppni eftir deildakeppnir, það fjölgun upp á 17 leiki miðað við árið á undan.

Haustmót BLÍ

Stjórn BLÍ ákvað í júní að fá Þróttur Reykjavík héldi haustmót BLÍ árið 2011. Mótið fór fram í Austurbergi, laugardaginn 17. september 2011. Alls mættu 17 lið til keppni og var spilað í tveimur deildum í kvennaflokki

og einni deild í karlaflokki. HK varð Haustmótsmeistari í karlaflokki og HK varð Haustmótsmeistari í kvennaflokki. Bresi vann 2. deild kvenna. Sjá úrslit Haustmóts BLÍ á www.blak.is.

Mikasadeild kvenna

Alls tóku sjö lið þátt í Mikasadeild kvenna á keppnistímabilinu og leikin var tvöföld umferð. Fyrsti leikurinn var 1. október 2011 og síðustu leikir í deild voru 31. mars 2012. Þróttur N, HK, Þróttur R., KA, Ýmir, Stjarnan og Afturelding léku sín á milli yfir veturinn í 42 leikjum en lið Aftureldingar var að leika í fyrsta sinn í efstu deild í blaki kvenna. Deildarmeistarar Mikasadeildar kvenna 2012 var HK.

Lokastaða þann 31. mars 2012

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	HK	12	32	11	1017	851	2.91-1.20	31
2.	Afturelding	12	31	8	932	702	3.88-1.33	30
3.	Þróttur R	12	26	22	1034	1062	1.18-0.97	20
4.	Þróttur N	12	23	20	957	873	1.15-1.10	18
5.	Ýmir	12	18	28	938	1018	0.64-0.92	13
6.	Stjarnan	12	18	29	943	1060	0.62-0.89	13
7.	KA	12	6	36	756	1011	0.17-0.75	1

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Fjóla Rut Svavarsdóttir úr Þrótti Reykjavík með 217 stig. Hún var stigahæst í sókn með 153 stig og stigahæst í hávörn með 41 stig. Guðrún Ása Kristleifsdóttir úr HK var stigahæst úr uppgjöfum með 42 stig. Yfirlit stiga leikmanna deildarinnar má finna á heimasíðu BLÍ, www.bli.is.



Úrslitakeppni kvenna

Leikin var úrslitakeppni í kvennaflokki að Íslandsmóti loknu. Leikið var með hefðbundnu sniði þar sem liðið í efsta sæti deildarinnar mætti liðinu í 4. sæti í undanúrslitum. Liðið í öðru sæti mætti liðinu í 3. sæti í undanúrslitum. HK mætti Þrótti Nes í undanúrslitum þar sem Þróttur Nes vann í tveimur æsispennandi leikjum. Fyrsti leikur liðanna fór fram í Neskaupstað þar sem yngriflokkamót BLÍ var haldið í Kópavogi dagana 13.-15. apríl. HK hafði heimaleikjaréttinn en liðin spiluðu leik nr. 2 á heimavelli HK í Fagralundi föstudaginn 13. apríl. Hefði rimman farið í oddaleik hefði hann einnig verið í Fagralundi þann 17. apríl. Afturelding mætti Þrótti Reykjavík í undanúrslitum og sigraði í oddaleik eftir að hvort lið hafði unnið sinn heimaleik.

Afturelding varð Íslandsmeistari árið 2012 í fyrsta sinn í sögu félagsins eftir sigurleiki að Varmá föstudaginn 20. apríl (3-2) og í Neskaupstað þann 22. apríl (3-1). Það var Kristján Geir Guðmundsson, meðstjórnandi í stjórn BLÍ sem afhenti fyrirliða Aftureldingar, Zaharinu Filipovu, Íslandsmeistarabikarinn að leik loknum í Íþróttahúsinu í Neskaupstað. Báðir leikirnir í úrslitarimmunni voru sýndir í beinni útsendingu á netinu.

Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni kvenna:

Dags.	Heimalið	Útilið	Völlur	Úrslit
11.4.2012	Þróttur N	HK	Neskaupstaður	3-0 (26-24, 25-22, 26-24)
11.4.2012	Afturelding	Þróttur R	Varmá	3-0 (25-17, 25-13, 29-27)
13.4.2012	HK	Þróttur N	Fagrilundur	1-3 (26-28, 15-25, 25-19, 26-28)
13.4.2012	Þróttur R	Afturelding	Íþróttahús HÍ	3-0 (25-21, 25-23, 25-23)
17.4.2012	Afturelding	Þróttur R	Varmá	3-0 (25-13, 25-12, 25-20)
20.4.2012	Afturelding	Þróttur N	Varmá	3-2 (25-21, 21-25, 21-25, 25-20, 15-10)
22.4.2012	Þróttur N	Afturelding	Neskaupstaður	1-3 (25-15, 15-25, 25-27, 22-25)



Íslandsmeistarar Aftureldingar:

Zaharina Filipova, fyrirliði,
Miglena Apostolova,
Guðrún Sveinsdóttir, Erla
Snædís Sveinbjörnsdóttir,
Velina Apostolova,
Kristina Apostolova,
Ventsesleva Marinova,
Thelma Grétarsdóttir,
Perla Ingólfssdóttir, Þórey
Björg Einarssdóttir, Ólöf

Þórðardóttir, Susanne Freuler, Apostol Apostolov, þjálfari og Mundína Kristinsdóttir, sjúkrapjálfari.

Mikasadeild karla

Fjögur lið voru í Mikasadeild karla á keppnistímabilinu og var leikin fjórföld umferð. Fyrsti leikurinn var 2. október 2011 og síðustu leikirnir voru þann 31. mars 2012. Þróttur R, HK, KA og Stjarnan voru í deildinni. Spilaðir voru alls 24 leikir yfir veturinn. Deildarmeistarar 2012 í karlaflokki var lið Stjörnunnar í Garðabæ.

Lokastaða þann 31. mars 2012

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	Stjarnan	12	34	13	1086	914	2.62-1.19	30
2.	HK	12	27	19	1038	956	1.42-1.09	22
3.	Þróttur R	12	18	25	908	946	0.72-0.96	14
4.	KA	12	9	31	742	958	0.29-0.77	6

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Piotr Kempisty, KA með 206. Hann skoraði flest stig úr sókn eða 181 stig. Ingólfur Hilmar Guðjónsson úr HK skoraði flest stig úr uppgjöf, 28 talsins. Stigahæstur í hávörn var Alexander Stefánsson, HK með 43 stig. Yfirlit stiga leikmanna deildarinnar má finna á heimasíðu BLÍ, www.bli.is.



Úrslitakeppni karla

Leikin var úrslitakeppni í karlaflokki að Íslandsmóti loknu. Í undanúrslitum léku Stjarnan og KA annars vegar og HK og Þróttur Reykjavík hins vegar. KA sigraði Stjörnuna í þremur leikjum. HK lagði Þrótt Reykjavík í tveimur leikjum.

Í úrslitum mættust KA og HK í þriðja sinn á jafnmörgum árum. Ljóst var að viðureignin gæti orðið æsispennandi þar sem um tvö sterkustu liðin í deildinni var að ræða. Fyrri leikur liðanna endaði 3-0, HK í vil en hann fór fram 19. apríl í Fagralundi. Annar leikur liðanna fór fram á heimavelli KA, í KA heimilinu þann 22. apríl og vann HK þann leik 3-1. Fjölmarginir áhorfendur mættu á leikina og sáu lið HK vinna KA og hampa

Íslandsmeistaratitlinum. Brynjar Pétursson fyrirliði HK tók við Íslandsmeistarabikarnum úr höndum Jasonar Ívarssonar formanns BLÍ að leik loknum.

Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni karla:

Dags.	Heimalið	Útilið	Völlur	Úrslit
10.4.2012	HK	Þróttur R	Fagralundi	3-1 (25-20,23-25,26-24,25-13)
10.4.2012	Stjarnan	KA	Ásgarður	0-3 (22-25, 23-25, 24-26)
12.4.2012	Þróttur R	HK	Íþróttah.HÍ	0-3 (14-25, 21-25, 17-25)
12.4.2012	KA	Stjarnan	KA heimili	0-3 (22-25,22-25,18-25)
16.4.2012	Stjarnan	KA	Ásgarður	2-3 (25-11, 26-24, 16-25,21-25,4-25)
19.4.2012	HK	KA	Fagrilundur	3-0 (25-20,25-23,25-19)
22.4.2012	KA	HK	KA heimili	1-3 (26-24, 12-25, 12-25, 22-25)



Íslandsmeistarar HK:

Brynjar Pétursson fyrirliði, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Ólafur Jóhann Júlíusson, Ingólfur Hilmar Guðjónsson, Orri Þór Jónsson, Andreas Hilmir Halldórsson, Alexander Stefánsson, Kolbeinn Tumi Baldursson, Einar Sigurðsson, Ágúst Máni Hafþórsson, Magnús Kristjánsson, Lúðvík Már Matthíasson og Zdravko Demirev, þjálfari.

2. deild karla

Alls tóku 11 lið þátt í 2. deild karla. Deildinni var skipt upp í landshlutariðla en leikið var í riðlum fyrir austan og sunnan.

Sjö lið spiluðu í 2. deild karla suður. Fyrirkomulagið var eins og áður hefur verið, tvöföld umferð og leikið heima og heiman. Lið Fylkis vann suður-riðilinn.

2.d.kk. Suður

Lokastaðan 26. mars 2012

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	Fylkir	12	30	14	1013	861	2.14-1.18	28
2.	Stjarnan 2	12	32	16	1085	966	2.00-1.12	26
3.	HK B	12	31	18	1089	1029	1.72-1.06	25
4.	Hrunamenn	12	24	23	1032	972	1.04-1.06	19
5.	Hamar	12	24	23	1023	983	1.04-1.04	18
6.	UMFG	12	17	29	921	1045	0.59-0.88	10
7.	UMFL	12	1	36	618	925	0.03-0.67	0

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

Fjögur lið tóku þátt fyrir austan þetta leiktímabil. Leikin var tvöföld umferð, heima og heiman. Þróttur Nes vann riðilinn nokkuð örugglega og komst í úrslitakeppnina. Sindri var í öðru sæti riðilsins og komst einnig í úrslitakeppnina.

2.d.kk. Austur

Lokastaðan 9. mars 2012

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	Þróttur N	12	33	0	828	559	--- 1.48	36
2.	Sindri	12	14	20	723	654	0.70-1.11	15
3.	Höttur	12	13	24	583	805	0.54-0.72	12
4.	Huginn	12	11	27	694	810	0.41-0.86	9

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

Úrslitakeppni 2. deildar karla

Keppnin var haldin samhliða úrslitakeppni 2. deildar kvenna að Varmá dagana 30. og 31. mars 2012.

Undanúrslit 1:	Fylkir-Sindri	3-0 (25-15, 25-18, 25-14)
Undanúrslit 2:	Þróttur N – Stjarnan2	2-3 (25-18,27-29,25-15,20-25,14-16)
Leikur um 3. sætið:	Sindri-Þróttur N	0-3 (22-25,11-25,12-25)
Úrslitaleikur:	Fylkir-Stjarnan 2	3-2 (20-25,26-28,25-19,25-19,15-9)

Fylkir varð því deildarmeistari 2. deildar karla árið 2012, Stjarnan 2 í 2. sæti og Þróttur N í því þriðja.

2. deild kvenna

Alls tóku 16 lið þátt í 2. deild kvenna. Fyrstu leikir í 2. deildinni voru þann 7. október 2011 en spilað var í tveimur riðlum eftir landshlutum.

Átta lið spiluðu í 2. deild suður á tímabilinu og var leikin tvöföld umferð, heima og heiman. HK b og Þróttur Rc enduðu í tveimur efstu sætunum og tryggðu sér þátttökurétt í úrslitakeppninni. Fylkir endaði neðst í deildinni og féll í 3. deild kvenna.

2.d.kvk Suður

Lokastaðan þann 27. mars 2012.

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	HK b	14	41	6	1155	724	6.83-1.60	40
2.	Þróttur Rc	14	34	20	1199	1114	1.70-1.08	29
3.	Stjarnan A	14	34	22	1255	1112	1.55-1.13	28
4.	AftureldingB	14	29	29	1163	1205	1.00-0.97	22
5.	Ýmir B	14	25	32	1196	1268	0.78-0.94	18
6.	ÍK	14	21	34	1131	1210	0.62-0.93	14
7.	UMFG	14	20	35	1086	1241	0.57-0.88	12
8.	Fylkir	14	13	39	914	1225	0.33-0.75	5

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

2. deild kvenna Austur

Keppni í austur riðli var mjög jöfn og spennandi en Þróttur Nb og Höttur öðluðust rétt til að spila í úrslitakeppni m.v. árangur úr í öðru móti riðilsins í Neskaupstað þann 25. febrúar. Því miður þurfti að breyta mótinu og úrslitin úr leikjunum ekki skráð inn á www.blak.is þar sem tvö lið mættu ekki til leiks.

Úrslitakeppni í 2. deild kvenna

Keppnin var haldin samhliða úrslitakeppni 2. deildar karla að Varmá 30. og 31. mars 2012.

Undanúrslit 1:	HK b-Þróttur N b	3-0 (25-15,25-8,25-19)
Undanúrslit 2:	Höttur – Þróttur Rb	0-3 (13-25,16-25,16-25)
Leikur um 3. Sætið:	Þróttur Nb-Höttur	3-2 (25-21,23-25,25-22,22-25,18-16)
Úrslitaleikur:	HKb-Þróttur Rb	0-3 (24-26, 26-28, 19-25)

Þróttur Rb varð því deildarmeistari 2. deildar kvenna árið 2012, HK b í 2. sæti og Þróttur Nb í því þriðja.

3. deild kvenna

Keppni í 3. deildinni hófst í Stykkishólmi helgina 29.-30. október 2011. Þátttaka í deildinni var nokkuð góð, 16 lið samtals. Alls voru 8 lið í suðurvesturriðli og 8 lið voru fyrir austan. Í suðvesturiðlunum var leikið í Stykkishólmi og í Ásgarði í Garðabæ. Í austurriðlinum var leikið í þremur mótum, í Neskaupstað, á Fáskrúðsfirði og á Egilsstöðum. Öll liðin að sunan fóru í úrslitakeppnina og Þróttur Nes E og Höttur b öðluðust rétt að austan.

Úrslitakeppnin í 3. deild kvenna var haldin á Álftanesi dagana 23. – 25. mars. Leikið var í tveimur 5 liða riðlum en Höttur b mætti ekki til leiks og voru því aðeins fjögur lið í þeim riðli. Leikið var í kross í undanúrslitum og leikjum um sæti.

Stjarnan C varð deildarmeistari 3. deildar kvenna eftir úrslitaleik gegn Álftanesi. Bresi vann leikinn um þriðja sætið á móti Skelli. Hafa ber í huga við skoðun að röð liðanna er rétt eins hún kemur fyrir á www.blak.is.

Liðið í fimmta sæti er með fleiri stig en liðin í þriðja og fjórða sæti, þar sem spilað var í undanúrslitum og úrslitum.

Lokastaða 25. mars 2012

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	Stjarnan C	6	12	3	322	241	4.00-1.34	15
2.	Álftanes	6	11	3	317	201	3.67-1.58	15
3.	Bresi	6	8	5	256	230	1.60-1.11	11
4.	Skellur	6	6	6	245	258	1.00-0.95	9
5.	Víkingur ReynirA	6	10	6	338	255	1.67-1.33	12
6.	Afturelding C	6	5	8	250	243	0.63-1.03	7
7.	Þróttur Ne	6	6	10	285	314	0.60-0.91	6
8.	Umf.Hrunamenn	6	5	10	277	327	0.50-0.85	6
9.	Hamar	5	4	6	219	190	0.67-1.15	6
10.	Höttur b	5	0	10	0	250	0.00-0.00	0

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

Mótshaldið í 3. deildinni gekk ágætlega sem slíkt. Fleiri félög sækja um að fá að halda 3. deildarmótin en áður því að þar eru tekjumöguleikar fyrir hendi. Félag sem á t.a.m. marga héraðsdómara á skrá hjá BLÍ getur notað mót til fjáröflunar og séð þannig um dómgæsluna. Mótanefnd fjallar um allar umsóknir sem berast og tilnefnda mótstaði en stjórn BLÍ tekur endanlega ákvörðun um mótstað. Hafa ber í huga að aðeins þátttökulið í 3. deildinni mega sækja um.

Nokkuð hefur þó borið á kvörtunum vegna þess fyrirkomulags sem valið var fyrir deildina og er ljóst að breytinga er þörf á keppnisfyrirkomulaginu. Mótanefnd hefur verið falið að gera könnun á því hvort eigi að spila deildina heima og heiman eins og 2. deildin er leikin eða halda mótafyrirkomulaginu eins og er, en með breyttu sniði, þá með 8 liða deild þar sem allir spila við alla í þremur mótum. Það verður orðið ljóst í sumar hvernig fyrirkomulagið verður.

4. deild kvenna

Alls voru 16 lið sem tóku þátt í 4. deild kvenna á keppnistímabilinu. Þegar fjöldi liða varð ljós var ráðist í að finna hentugt fyrirkomulag m.v. gefnar forsendur. Á endanum var ákveðið að spilað yrði í fjórum 4 liða riðlum og milliriðlum í hverju móti – samtals 5 leikir á lið. Eftir fyrsta mót var raðað í aðra fjóra riðla m.v. úrslit þvert á alla milliriðla. Í úrslitunum var svo tveimur efstu sætunum úr milliriðlum móts 2 sett í A deild og tveimur neðri í B deild, spilað í riðlum, undanúrslitum og úrslitum um sæti.

Öll úrslit má finna á www.blak.is en hér er lokastaða 4. deildar kvenna en hafa ber í huga við skoðun að stigatalan er ekki í samræmi við í hvaða sæti hvert lið endaði þar sem leikið var í krossum.

Lokastaða 25. mars 2012 í 4. deild kvenna

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.	HK C	17	34	3	888	600	11.33-1.48	48
2.	Stjarnan B	17	27	19	936	776	1.42-1.21	31
3.	Dímon	17	29	7	848	657	4.14-1.29	42
4.	Álftanes B	17	27	14	892	764	1.93-1.17	35

5.	HK E	17	17	23	788	826	0.74-0.95	21
6.	Snæfell	17	21	16	766	697	1.31-1.10	29
7.	Bresi B	17	28	10	854	657	2.80-1.30	39
8.	Fylkir B	17	15	25	778	877	0.60-0.89	19
9.	HK F	17	14	24	568	818	0.58-0.69	18
10.	UMFL	17	24	13	818	740	1.85-1.11	34
11.	Stjarnan D	17	25	15	878	786	1.67-1.12	33
12.	Afturelding D	17	18	21	795	691	0.86-1.15	24
13.	HK d	17	8	28	594	854	0.29-0.70	10
14.	Fylkir C	17	5	30	611	843	0.17-0.72	7
15.	Þróttur Rc	17	8	27	649	824	0.30-0.79	11
16.	HK G	17	5	30	560	813	0.17-0.69	7

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is



Mótanefnd BLÍ hefur undanfarið fengið erindi inn á sitt borð er snýr að fyrirkomulaginu í 3. og 4. deildum kvenna. Það hefur verið gagnrýnt harðlega og er ljóst að breytinga má vænta fyrir næsta keppnistímabil. Ljóst er að fjölgunin er mikil og því er a.m.k. búið að ákveða að sett verði á laggirnar 5. deild og takmarkaður fjöldi við 8 lið í 3. og 4. deild kvenna.

Asicsbikarinn 2012

Bikarkeppnin í blaki hófst í Fagralundi 21. október 2011. Keppt var með sama sniði og undanfarin ár en 15 lið skráðu sig til leiks að þessu sinni.

Blakdeild HK sá um framkvæmd mótsins í Fagralundi og gekk allt snurðulaust fyrir sig. Eikin á Akureyri sá um framkvæmd síðara mótsins í Íþróttahöllinni á Akureyri og var það í fyrsta skipti sem félagið sér um framkvæmd bikarmóts. Framkvæmdin hjá Eikinni gekk vel. Þessum félögum er hér með þakkað fyrir gott samstarf í gegnum þessar undankeppnir.

Samningar við Sportís Heildverslun náðust í febrúar 2012 um að bikarinn myndi bera heitið Asicsbikarinn. Um er að ræða heildstæðan samning til handa allri blakhreyfingunni.

BLÍ sá um framkvæmd úrslitahelgarinnar sem var í Laugardalshöll dagana 19. og 20. mars 2011. Blakdeild HK var fengin til að vera með umsjón með leikjum og veitingasölu í Laugardalshöllinni. Aðsókn í höllina var góð og umgjörðin var með besta móti hingað til. Umgjörð leikjanna bætist með hverju árinu og nú var sú nýjung að vera með LED auglýsingaskilti í kringum völlinn. Sala auglýsinga á skiltin gekk nokkuð vel. HK mannaði einnig 4 línuverði á alla leiki helgarinnar. Línuverðir í íslensku blaki voru lagðir af fyrir all nokkrum árum og hafa nú verið endurvaktir í þessari stóru keppni.

Alls tóku 7 lið þátt í karlaflokki sem spiluðu einfalda umferð í tveimur riðlum í móti 1. Í kvennaflokki mættu 8 lið sem spiluðu einfalda umferð í tveimur riðlum.

Úrslit úr undankeppnunum voru sem hér segir:

Lokastaða 22. október 2011, Karlar riðill A

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.*	Þróttur R	3	6	0	150	97	MAX-1.55	9
2.	Þróttur N	3	4	2	139	123	2.00-1.13	6
3.	KA	3	2	4	119	144	0.50-0.83	3
4.	UMFG	3	0	6	106	150	0.00-0.71	0

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

*Þróttur R fór í undanúrslitaleik 1

Lokastaða 22. október 2011, Karlar riðill B

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.*	HK	2	4	0	100	69	MAX-1.45	6
2.	Stjarnan	2	2	2	81	86	1.00-0.94	3
3.	Fylkir	2	0	4	74	100	0.00-0.74	0

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

*HK fór í undanúrslitaleik 2

Lokastaða 22. október 2011, Konur riðill A

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.*	Þróttur N	3	6	3	161	157	2.00-1.03	6
2.	Þróttur R	3	5	3	161	142	1.67-1.13	6
3.	Ýmir	3	4	4	176	139	1.00-1.27	5
4.	KA	3	1	6	97	157	0.17-0.62	1

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

*Þróttur N fór í undanúrslitaleik 1

Lokastaða 22. október 2011, Konur riðill B

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.*	Afturelding	3	6	1	163	114	6.00-1.43	8
2.	HK	3	5	4	169	153	1.25-1.10	5
3.	Eik	3	3	5	135	174	0.60-0.78	3
4.	Stjarnan	3	2	6	135	161	0.33-0.84	2

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

*Þróttur N fór í undanúrslitaleik 2

Lokastaða 11. febrúar 2012, Karlar undankeppni 2

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.*	KA	4	7	2	212	148	3.50-1.43	10
2.*	Stjarnan	4	6	2	195	128	3.00-1.52	9
3.	Fylkir	4	4	4	182	139	1.00-1.31	6
4.	Þróttur N	4	4	5	188	162	0.80-1.16	5
5.	UMFG	4	0	8	0	200	0.00-0.00	0

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

*KA og Stjarnan fóru í pott sem var dregið úr hvaða undanúrslitaleik þau myndu spila. Lið UMFG mætti ekki til leiks.

Lokastaða 11. febrúar 2012, Konur undankeppni 2

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Hlutfall	Stig
1.*	HK	5	9	3	271	221	3.00-1.23	12
2.*	Eik	5	9	3	262	245	3.00-1.07	12
3.	Þróttur R	5	7	5	257	234	1.40-1.10	9
4.	Stjarnan	5	4	6	219	230	0.67-0.95	6
5.	KA	5	4	6	216	233	0.67-0.93	6
6.	Ýmir	5	0	10	189	251	0.00-0.75	0

Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is

*HK og Eik fóru í pott sem var dregið úr hvaða undanúrslitaleik þau myndu spila.

Úrslitahelgin í Asicsbikarnum fór fram dagana 19. og 20. mars í Laugardalshöllinni. Keppnisgólf Blaksambandsins var lagt á höllina að morgni föstudags. Við verkefnið þarf nokkuð marga sjálfbóðaliða og var föstudagurinn notaður til þess að undirbúa höllina vel fyrir stóru helgina. Ásamt framkvæmdastjóra BLÍ voru margir sjálfbóðaliðar frá félögunum við lagningu dúksins og uppsetningu. Ber að þakka þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf fyrir Blaksamband Íslands.

Uppsetning á stórviðburði sem þessum krefst tíma og skipulagningar og gekk allt upp að lokum. Blakdeild HK sá um veitingasölu, umsjón leikja og ritun á leikskýrslum. Kynning á leikjum helgarinnar var í höndum HK einnig en tónlist var leikin í upphitun, í leikhléum, á milli hrina og setti það sinn svip á keppnina. Ber að þakka öllum þeim í þessum störfum sérstaklega fyrir vel unnin störf fyrir Blaksamband Íslands.

Markaðsmenn voru fengnir til að safna auglýsingaskiltum og merkjum í mótaskrá sem var gefin út fyrir helgina. Vel gekk að safna auglýsingum að þessu sinni og hjálpaði það mikið til við rekstur mótsins í heild sinni.

Undanúrslit kvenna

17.3.2012	kl.12.00	Þróttur N-Eik	3-0 (25-21, 25-18, 25-22)
17.3.2012	kl.14.00	Afturelding-HK	3-0 (25-20, 25-17, 25-22)

Undanúrslit karla

17.3.2012	kl. 16.00	Þróttur R-Stjarnan	0-3 (24-26, 19-25, 25-25)
17.3.2012	kl. 18.00	HK-KA	1-3 (18-25, 25-17, 23-25, 21-25)

Úrslit í Asicsbikar kvenna 2012.

18.3.2012	kl. 13.30	Þróttur N-Afturelding	0-3 (18-25, 18-25, 19-25)
-----------	-----------	-----------------------	---------------------------



Bikarmeistarar Aftureldingar

Zaharina Filipova, fyrirliði, Miglena Apostolova, Velina Apostolova, Kristina Apostolova, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Perla Ingólfssdóttir, Erla Snædís Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Elva Sveinsdóttir, Susanne Freuler, Ventsesleva Marinova, Þórey Björg Einarssdóttir, Ólöf Björg Þórðardóttir, Steinn Guðni Einarsson, þjálfari, Svala Guðmundsdóttir aðstoðarþjálfari, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, sjúkrþjálfari og Apostol Apostolov, þjálfari.

Úrslit í Asicsbikars karla 2012.

17.3.2012 kl. 15.30 Stjarnan-KA 1-3 (25-15, 21-25, 18-25, 21-25)



Bikarmeistarar KA

Davíð Búi Halldórsson fyrirliði, Árni Björnsson, Valur Traustason, Ævar Birgisson, Filip Sczewzyk, þjálfari Piotr Kempisty, Arnar Páll Sigurðsson, Gunnar Hannesson, Valþór Karlsson, Benedikt Valtýsson, Hjörtur Bjarki Halldórsson, Steinþór Traustason og Gunnar Garðarsson, aðstoðarþjálfari.

Lokaorð

Mótshald vetrarins gekk ágætlega þegar á heildina er litið. Helstu umkvartanir til mótanefndar vörðuðu keppnisfyrirkomulag í neðri deildunum og regluna um sjö leikjahæstu leikmenn.

Það er gott að fá umræðu um þessi atriði fyrir ársþing BLÍ því þar er hægt að breyta hlutunum. Það vissulega jákvætt vandamál að íþróttin stækki, deildakeppnin stækki og iðkendum fjölgi. Því fleiri sem taka þátt í vitrænni umræðu um reglugerðir hreyfingarinnar því betri verða þær.

Alltaf er hægt að gera betur í mótamálum og sérstaklega geta félögin gert betur í umgjörðinni hjá sér. Nokkuð ber á því að upplýsingaflæði er ekki nógu gott innan félaganna sem ætti ekki að vera vandamál

með þá upplýsingatækni sem er til staðar. Sumar blakdeildir eru þó með frábæra umgjörð og hafa t.a.m. stofnað hópa á Facebook til að koma sér áfram í samfélaginu.

Ég vil sérstaklega óska Prótti Nes og Aftureldingu til hamingju með frábæra umgjörð í vetur. Afturelding er með kynni á öllum sínum leikju, auglýsingaskilti og með sína leiki í beinni útsendingu á www.sporttv.is en félagið þarf sjálft að útvega þul til að lýsa leikjunum. Í Neskaupstað hefur umgjörðin verið góð og áhorfendur yfirleitt nokkuð margir. Blakdeildin heldur úti beinni útsendingu á Ustream síðunni sem er gott en þar vantar þul til að lýsa leiknum. Fleiri félög mættu líta til þessara félaga með það í huga, að bæta umgjörð sinna heimaleikja.

Heimasíður félaganna eru misvirkar og þurfa sum félög að taka rækilega til í þeim málum hjá sér. Önnur eru með þetta fyrsta flokks og auðveldar það marga hluti. Á komandi árum verður blakhreyfingin orðin mun tölvuvæddari en hún er í dag. Til stendur að koma öllum tölfraðiupplýsingum á netið meðan á leik stendur þannig að allur heimurinn geti fylgst með blakleikjum á netinu. Til þess að slíkt geti orðið að veruleika þarf þrýsting frá félögunum og aðstoð.



Leikjunum fjölga ár frá ári. Deildirnar eru að stækka hægt en örugglega og vonandi verður, á komandi leiktímabili, hægt að stoppa í þau göt sem komu upp í vetur.

Fyrir hönd mótanefndar BLÍ vil ég þakka öllum sem komu að mótamálum fyrir leiktímabilið og vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi á því næsta.

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri og formaður mótanefndar BLÍ

Skýrsla yngriflokkaneftndar BLÍ

Í nefndinni starfsárið 2011-2012 störfuðu:

Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu, formaður.

Ásta Sigrún Gylfadóttir, HK

Emil Gunnarsson, Stjörnunni

Míglena Apostolov, Prótti/Aftureldingu

Valtýr Helgason, KA

Yngri flokka nefndin hélt nokkra fundi á starfsárinu og helstu verkefni hennar voru að skipuleggja Afreksbúðir BLÍ, Íslandsmót yngri flokka og bikarmót fyrir 2. og 3. flokk. Fundargerðir nefndarinnar á að vera hægt að nálgast á heimasíðu sambandsins.

Íslandsmót yngri flokka.

Umsóknir um auglýst mót fyrir veturinn 2011-2012 voru:

- HK – sótti um öll mótin
- Þróttur Nes – sótti um öll mótin
- Afturelding – sótti um öll Íslandsmótin
- Skellur – sóttu um fyrri hluta Íslandsmóts hjá 4. og 5.flokki
- KA – sótti um fyrri hluta hjá 4. og 5. fl. ef NEVZA mótið kæmi til þeirra sem verður sömu helgi.
- *Ákveðið var að:*
- Fyrri hluti Íslandsmóts, (5.-6. nóv 2011) 4. og 5. flokki færi til Þróttar Nes
- Fyrri hluti Íslandsmóts (27.-29. nóv 2011) 2. og 3. flokki færi til Aftureldingar
- Bikarmót (20.-21. jan 2012) 2. og 3.fl færi til KA
- Seinni hluti Íslandsmóts, (13.-15. apríl 2012) fyrir alla flokka færi til HK

Rætt var um að jafnvel skipta upp mótinu alla leið, þannig að seinni hlutinn væri líka tvískiptur eins og fyrri hlutinn. Eins og þetta er núna þá er ógerlegt fyrir þau félög sem eru með 3 blakvelli að halda mótið fyrir alla aldursflokka. Það þarf því að fara fram í Mosfellsbæ, Kórnum eða í tveimur húsum á Akureyri.

Ákveðið var að leggja fram tillögu á næsta ársþingi BLÍ að hafa 4 mót hjá yngri flokkum, 2 fyrir 2 og 3.fl. og 2 fyrir 4. og 5. flokk.

Íslandsmót yngri flokka í 4. og 5. Fl. – fyrri hluti í Neskaupstað 12. -13. nóvember 2011

Í upphafi var ákveðið að fyrri hluti mótsins færi fram dagana 5.-6. nóvember en þegar ljóst var að HK fengi NEVZA mót kvenna og það færi fram þessa helgi kom upp sú hugmynd að flýta mótinu og kom það vel út fyrir alla aðila.

Lagt var upp með eftirfarandi leikjaskipulag fyrir mót vetrarins:

Fyrri mót	Seinna mót
Neskaupstaður	Kópavogur

5. fl. A liða 5. stig 5. stig

5. fl. B liða 4. stig 5. stig

5. fl. C liða 3. stig 4. stig

5.fl. D liða 3. stig 3. stig

4. fl. A liða 5. stig 5. stig

4. fl. B liða 4. stig 5. stig

4. fl. C liða 3 stig 4. Stig

Mótið á Neskaupstað gekk mjög vel og sóttu 38 lið mótið. Flest liðin komu frá Þrótti Nes eða 11 samtals en Afturelding, HK, Skellur og Stjarnan mættu öll með 4 lið, Bjarmi, KA, Sindri og Þróttur R mættu með 2 lið og Fylkir og Leiknir Fáskrúðsfirði mættu með sitt hvort liðið. Þróttur Nes var með netútsendingar úr íþróttahúsinu og var það mjög skemmtilegt og margir foreldrar sátu spenntir yfir tölvunni þessa helgi og fylgdust með. Blakdeild Þróttar Nes eru færðar þakkir fyrir gott mót, en úrslit mótsins má sjá aftast í skýrslunni.

Íslandsmót yngri flokka í 2. og 3. flokki að Varmá í Mosfellsbæ. 26.-27. nóvember 2011

28 lið tóku þátt í mótinu að þessu sinni og í fyrsta skiptið komu lið frá Ísafirði, Þingeyri og Hvolsvelli á mót fyrir þennan aldursflokk og er það sérstaklega gleðilegt. Langt er síðan svo mörg lið hafa spilað í 2. flokki pílta en nú eru 6 lið skráð þar og er það frábært. Spilað var í A og B deild í 3. fl. kvenna Ljóst er að mótið er mun stærra en áður og því lengdist spilátíminn á sunnudeginum. Ákveðið var að byrja ekki fyrr en á laugardeginum og gekk það ágætlega og síðustu leikir voru að byrja um 3 leytið. Fyrir 2 árum ákvað yngri flokka nefndin að þau lið sem kæmu til keppni í þessum aldurshópum skyldu leggja til dómara og var það hugsað til þess að þessir aldurshópar fengju góða dómgæslu, liðin sjálf skyldu leggja til aðstoðardómara og þannig fengju þau reynslu í dómgæslunni. Ekki gekk það allt eftir en þó gekk þetta allt upp með hjálp góðra manna og kvenna. Blakdeild Aftureldingar eru færðar þakkir fyrir gott mót.

Bikarmótið á Akureyri 21. – 22. janúar 2012

Bikarmót BLÍ fyrir 2. og 3. flokk var haldið á Akureyri 21.-22. janúar 2012. Fjögur lið voru skráð til leiks í 2. flokki kvenna, 3. flokki kvenna og 3. flokki karla, alls 12 lið. Liðin í 2. flokki karla drógu sig úr keppni og því voru engir bikarmeistarar krýndir í þeim flokki þetta árið. Fyrirkomulagið var þannig að allir spiluðu við alla, tveir leikir voru spilaðir hjá hverju liði á laugardegi og einn á sunnudegi. Í öllum leikjum var spilað upp á 3 unnar hrínur. KA var bikarmeistari í öllum flokkum þ.e. 2. og 3. fl. kvk og 3. fl. kk. Öll úrslit má sjá á www.krakkablak.bli.is. Sýnt var beint á netinu frá fjölmörgum leikjum mótsins. KA er þakkað gott mót og sérstaklega þá skemmtilegu nýbreytni að sýna leiki krakkanna netinu.

Íslandsmót yngri flokka – seinni hluti, í Kórnum í Kópavogi 13.-15. Apríl 2012

Seinni hluti Íslandsmótsins gekk vel nema að það hefði þurft að byrja að spila strax á föstudagskvöldinu. Það var hins vegar ekki hægt vegna undanúrslitaleiks í Mikasa deild kvenna. Það er frábært að fá inn meistarflokksleiki í yngri flokka mótið en þeir þyrftu að vera á sunnudegi þegar mótið er búið. Annað mál er að ekki er æskilegt að spila krossa.. Tekið var á það ráð að láta þær deildir sem voru riðlaskiptar á fyrra mótinu, og spiluðu krossa um úrslitin, en það voru tvær deildir, 3.fl. pílta og 5. flokkur blandaður, spila úrslitaleiki eftir samanlögðum úrslitum upp úr riðlum beggja mótanna. Þetta var ákveðið á fundi yngri flokka nefndarinnar og bréf sent á forráðamenn allra félaga þar sem þetta var tilkynnt. Úrslitaleikir úr krossaspili frá fyrra móti myndu ekki teljast, heldur einungis þau stig sem liðin hefðu eftir leiki innan riðlanna. Sömu riðlar

spiluðu síðan aftur og eftir samanlögð úrslit riðlakeppninnar var skipt í efri og neðri riðil og spilaður kross þar sem efsta liðið í A riðli spilaði við næstefsta liðið í B riðli og svo öfugt. Síðan spiluðu sigurliðin um efsta sætið og tapliðin um bronssætið. Sama var gert við neðri riðilinn, og því spilað um öll sæti, samtals 7. Með þessu fannst okkur við fá sanngjörnnustu úrslitin. Sá leikur sem eftir stóð inni á mótasiðunni reiknast sem aukaleikur og í raun úrslitaleikur þess móts, en reiknaðist ekki með í úrslitum til Íslandsmeistartitils. Í 3. fl. pílta kláruðust þeir leikir ekki og var HK tilbúið til að klára mótið síðar ef vilji væri fyrir því meðal þeirra liða sem voru í efstu 4 sætunum.

Seinna mótið spilast eins og fyrra mótið og ef það er ekki rétt raðað í deildir þar þá verður það einnig á seinna mótinu, t.d. þegar c og d liðum er blandað saman á krakkablaustigum. Á fyrra mótinu spila þau sama stig en á seinna mótinu færast c liðin upp um stig en d liðin haldast áfram á sama stigi og það gefur auga leið að þau eiga ekki heima í sömu deild á seinna mótinu. Þetta vandamál kemur upp vegna þess að þátttaka er ekki næg á fyrra mótinu og því allir settir í sömu deild þar sem allir spila sama stig og upp kemst ekki um vandamálið fyrr en raða þarf niður seinna mótinu.

Blakdeild HK veitti öllum keppendum í 5. flokki verðlaunapening fyrir þátttöku í mótinu. Verðlaun voru veitt fyrir efstu þrjú sætin á mótinu í Kórnum í 2., 3. og 4. flokki fyrir utan samanlögð úrslit beggja mótanna.

Blakdeild HK eru færðar bestu þakkir fyrir gott mót.

Afreksbúðir unglina.

Markmið búðanna er val í U-17 og U-19 ára landsliðin ásamt skemmtilegri þjálfun fyrir afrekskrakka í blaki. Nauðsynlegt er að hafa landsliðsþjálfara hjá U-17 og U-19 í búðunum til að skoða krakkana.

Ákveðið var að hafa búðirnar í Kórnum 2.-4. september, því nauðsynlegt er að hafa möguleika á 6 völlum.

Sama fyrirkomulag var haft á og árið á undan. Um 90 bréf voru send út og voru þau send beint á iðkandann sjálfan þar sem honum var tilkynnt að hann hafi verið valinn af sínu félagi til þess að taka þátt í afreksbúðum BLÍ eftir að þjálfarar hvers félags höfðu sent inn lista á BLÍ. Þátttakendur þurftu sjáfir að koma sér á staðinn og útvega sér húsnaði á meðan á búðunum stóð.



Ákveðið var að gera eins og árið áður, að hafa búðirnar á SV horninu þar sem flestir þátttakendur eru og greiða niður fyrir þá sem koma lengra að eins og frá Akureyri og Neskaupstað, ákveðin hluta eða sem samsvarar ÍSÍ fargjaldi og sækja um styrk til BLÍ vegna þeirrar niðurgreiðslu

Í fjárhagsáætlun búðanna var miðað við 90 þátttakendur en hver og einn greiddi 7000 kr fyrir þátttökuna og inni í því var þjálfun, hádegismatur báða dagana ásamt fyrirlestrum.

Búðirnar voru mjög metnaðarfullar og voru bestu blakþjálfarar landsins fengnir til að sjá um þjálfunina sem var mjög vel skipulögð. Þjálfarar í búðnum voru: Apostol Apostolv, Brynjar Pétursson, Emil Björnsson, Miglena Apostolova, Natalia Raava og Zdravko Demeriev.

Ljóst er að þörf er á að hafa búðirnar enn fyrr vegna þess hversu landsliðsverkefnið fyrir U17 og U19 eru snemma á haustin og í þessum búðum var ákveðin dagsetning fyrir næstu búðir og skyldu þær fara fram áður en sumarfrí hæfist, eða í maí 2012 og verða þær búðir í Kórnum í Kópavogi 18. og 19. maí n.k. Á sama tíma mun yngri flokka nefndin standa fyrir þjálfaranámskeiði.

Starfsemi Yngriflokka nefndar BLÍ

Eins og er þá er starfsemi yngri flokka nefndar BLÍ byggð á því að skipuleggja Íslandsmóts yngri flokka ásamt bikarmótinu fyrir 2. og 3.flokk og taka ákvarðanir um hvar mótin skyldu vera ásamt hæfileikabúðum BLÍ. Lagt hefur verið upp með að þau félög sem eru með starfsemi fyrir yngri flokka séu með fulltrúa í nefndinni.

Hugsanlega mætti útfæra nefndina enn frekar, ef komið er inn fjármagn sem nefndin hefur til umráða, þá væri hægt að fara út í kynningu á íþróttinni svo vel sé og reyna að afla frekari iðkenda og fá fleiri félög með í uppbygginguna.

Vandamál nefndarinnar er hins vegar það að allir nefndarmenn eru bæði að spila sjálfir, þjálfarar og stjórna sínum eigin félögum og hafa því nánast engan tíma til að sinna útbreiðslustarfinu eins og æskilegt væri.

Einnig hefur nefndin engan aðgang að neinu fjármagni, þrátt fyrir stofnun styrktarsjóðs YFN BLÍ á ársþinginu 2010. Enn eru allar hendur nefndarinnar bundnar og ekki er ennþá búið að stofna sér reikning utan um yngri flokka starf Blaksambands Íslands eins og oft hefur verið rætt.

Á fundi nefndarinnar þann 8. júlí 2011 kom fram hugmynd um að mælast til þess við landsliðsnefnd að setja upp 3 æfingar, 2 í júlí og 1 í ágúst fyrir þennan hópa sem kæmu til greina í U17 og U19 ára landsliðin. Krakkarnir þurfa að vita af þessu til þess að hafa metnað til að halda sér í þjálfun yfir sumarið og þetta er eitthvað sem þarf að gerast mjög fljótt og í samráði við þjálfara. Hugmynd er að setja á æfingar á Akureyri, Neskaupstað og á SV horninu t.d. í Mosfellsbæ og/eða Kópavogi. Gefa út 3 dagsetningar, t.d. í miðri viku kl 18:00– 20:00. Þjálfarar hvers liðs sem eru með krakka í 3. flokki og á yngsta árinu í 2. flokki myndu velja krakka til að fara á þessar æfingarnar og á þeirra eigin kostnað. Engin skylda en mælst til þess að þau reyni að mæta.

Ef krakkar að austan eru t.d. í Reykjavík þegar æfingarnar eru þar þá geta þau sótt þær æfingar og eins með krakka að norðan og sunnan, og svo væri með allar æfingarnar. BLÍ myndi borga þjálfurum fyrir þessar æfingar. Þannig myndu krakkarnir fá tækifæri á blakæfingum yfir sumarið. Lokaúrtak í U17 hópana færi síðan fram eftir afreksbúðirnar í byrjun september.

YFL nefndin telur það mjög mikilvægt að koma á æfingum yfir sumartímann þar sem yngir flokka landsliðin þurfa að spila í september og enginn komin í blakþjálfun eftir sumarið og það munar það miklu á þessum þjóðum að það veitir ekki af. Þeir krakkar sem eiga möguleika á að komast í landsliðin þurfa að hafa möguleika á að halda sér í þjálfun yfir sumartímann líka og það þarf að lengja undirbúningstímabil landsliðanna og byrja það fyrr ef það fellur ekki inn í mótaröðina hérlandis. Ekkert varð af þessari hugmynd nefndarinnar þetta árið en með afreksbúðum og val í landsliðin áður en tímabilinu líkur er meiri möguleiki fyrir þessum æfingum.

Skýrari línur og niðurskrifaðar þarf að vera hægt að nálgast á heimasíðu BLÍ varðandi hvernig stigin reiknast, eftir hrinum eða eins og gert er í meistarflokkunum. Ljóst er að gera þarf mikla bragarbót hvað varðar upplýsingaflæði á heimasíðu sambandsins varðandi allar reglur móta hjá yngri flokkunum.

Spurningar hafa vaknað um að fara setja þurfi reglur um hvað krakkar spili í mörgum flokkum samtímis. T.d. að ákveðin fjöldi leikmanna liðsins þurfi að vera á réttum aldri þannig að ekki sé hægt að tefla sama liðinu í 2 aldursflokkum. Það er of mikið álag og of margir leikir.

Ef á að takast að byggja upp blakíþróttina hér á landi þá er það mat nefndarinnar að það þarf að byrja á grunninum og tryggja hann, fá grasrótina með í uppbygginguna og ná að auglýsa það vel og styrkja félögin sem eru með blakstarsemi víða um land, eins og útbreiðsla öldungablaksins sýnir best, til að koma í gang blaki fyrir börn og unglingana í landinu. Það þarf að setja peninga í útbreiðsluna og kynningarnar og vera búin að undirbúa jarðveginn ásamt því að koma krakkablakinu inn í íþróttakennsluna enn frekar.

Að lokum þá eru allir velkomnir til að starfa í yngri flokka nefnd Blaksambands Íslands og koma með hugmyndir sem hjálpa til við að byggja upp þessa skemmtilegu íþrótt.

Fyrir hönd YFL nefndar BLÍ vil ég koma á framfæri þökkum til allra þeirra félaga, foreldra og annarra sjálfboðaliða innan hreyfingarinnar sem aðstoðuðu við uppbyggingu á blakíþróttinni og framkvæmd við mótahald á starfsárinu 2011-2012.

Guðrún K Einarasdóttir

Formaður

Skýrsla Landsliðsnefndar

Í Landsliðsnefnd sátu Stefán Jóhannesson, formaður og Sævar Már Guðmundsson. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðsþjálfara og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni. Einnig er undir hatti nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál.

Blaklandsliðin nýttu sér aukna þjónustu afrekssviðs ÍSÍ fyrir Smáþjóðaleikana á síðasta ári. Hafrún sálfræðingur hitti t.a.m. bæði landsliðin á æfingu fyrir ferðina út til að setja upp markmiðin og vann svo áfram með liðin í keppninni sjálfri. Íþróttasálfræði er stór þáttur í velgengni og þarf að nýta þessa þjónustu enn frekar fyrir öll okkar landslið.



Sportís ehf. er með umboðið fyrir Asics vörur. Fyrirtækið gaf öllum unglingalandsliðsmönnum BLÍ skópar



fyrir síðasta verkefni liðanna í haust. Gríðarlega mikilvægur stuðningur fyrir BLÍ að fá fyrirtækið inn sem einn af aðalstyrktaraðilum landsliðanna og von er á áframhaldandi samstarfi um ókomin ár.

Karlalandslið Íslands

Á starfsárinu sem nú er að ljúka lék karlalandsliðið 6 landsleiki. Þjálfari liðsins var Zdravko Demirev og hefur hann verið endurráðinn fyrir verkefni vorsins 2012. Þjálfarinn valdi hóp í lok mars og byrjuðu æfingar í byrjun maí. Liðið spilar í

undankeppni EM Smáþjóða á Möltu 25.-27. maí.

Á árinu 2011 hafði íslenska karlalandsliðið spilað í úrslitum EM í Andorra. Liðið endaði í 5. sæti í 5 liða keppni. Í júní hélt liðið á Smáþjóðaleikana í Liechtenstein og voru væntingar miklar, enda langt síðan Ísland hefur sent eins sterkt lið til keppni. Sigur vannst í fyrsta leik, gegn San Marino en vonir Íslands urðu að engu þegar liðið tapaði næstu tveimur leikjum, gegn Luxemborg og Kypur. Ísland vann Andorra og tapaði svo fyrir Montenegro, en það lið vann keppnina. Ísland endaði í 4. sæti Smáþjóðaleikanna.

Þegar heim var komið var spilaður 1 æfingaleikur gegn Grænlandungum sem vannst 3-0 en grænenska liðið hafði þá verið í æfingabúðum í Mosfellsbænum í um eina viku í undirbúningi fyrir Eyjaleikana.

Karlalandsliðið 2011

	Félag	leikir
Orri Þór Jónsson	HK	20
Emil Gunnarsson	Stjarnan	94

Aðalsteinn Eymundsson	HK	17
Alexander Stefánsson	HK	17
Reynir Árnason	HK	14
Valgeir Valgeirsson	HK	12
Ólafur Heimir Guðmundsson	Þróttur R	64
<i>Sævar Már Guðmundsson</i>	Þróttur R	13
Hilmar Sigurjónsson	KA	22
Kristján Valdimarsson	Aalborg HIK	23
Hafsteinn Valdimarsson	Aalborg HIK	23
Ingólfur Hilmar Guðjónsson	HK	17
Filip Szcwzyk	KA	5
Piotr Kempisty	KA	5
Kjartan Fannar Grétarsson	Þróttur R	6
Stefán Gunnar Þorsteinsson	HK (GRL leik)	1
Ólafur J. Júlíusson	HK (GRL leik)	4
Ólafur Arason (GRL leikur)	Þróttur R	1
Zdravko Demirev	Þjálfari	
Sævar Már Guðmundsson	Liðsstjóri	
Leifur Harðarson	Dómari	

Karlalandslið Íslands, Smáþjóðaleikar í Liechtenstein 2011.

Dags.	Heimalið	Útilið	Völlur	Úrslit
31.5.2011	Ísland	San Marino	Liechtenstein	3-1 (25-16,24-26,25-23,25-19)
1.6.2011	Luxemborg	Ísland	Liechtenstein	3-1 (25-16,27-25,24-26,25-20)
2.6.2011	Ísland	Kýpur	Liechtenstein	0-3 (19-25,16-25,21-25)
3.6.2011	Andorra	Ísland	Liechtenstein	1-3 (24-26,25-19,23-25,20-25)
4.6.2011	Ísland	Montenegro	Liechtenstein	0-3 (16-25,15-25,14-25)
22.6.2011	Ísland	Grænland	Varmá	3-0 (25-20,25-20,25-12)



Landsliðshópurinn vorið 2012 er svipaður og á síðasta ári þegar keppt var í úrslitum EM smáþjóða. Tveir nýliðar eru í hópnum, Kolbeinn Tumi og Lúðvík Már. Vignir Hlöðversson hefur einnig verið kallaður inn í landsliðshópinn til að styrkja breiddina og þá hefur Michael Overhage verið fenginn til að fara með hópnum til Möltu í hlutverki aðstoðarþjálfara.

Karlalandsliðið 2012	Félag	leikir
Orri Þór Jónsson	HK	20
Emil Gunnarsson	Stjarnan	94
Aðalsteinn Eymundsson	HK	17
Alexander Stefánsson	HK	17
Kristján Valdimarsson	Marienlyst	23
Hafsteinn Valdimarsson	Marienlyst	23
Ingólfur Hilmar Guðjónsson	HK	17
Róbert Karl Hlöðversson	Stjarnan	54
Vignir Þröstur Hlöðversson	Stjarnan	94
Kolbeinn Tumi Baldursson	HK	0
Lúðvík Már Matthíasson	HK	0
Zdravko Demirev	Þjálfari	
Michael Overhage	Aðstoðarþ.	
Sævar Már Guðmundsson	Dómari	

Kvennalandslið Íslands

Kvennalandsliðið spilaði 5 leiki á þessu starfsári. Þjálfari liðsins er Apostol Apostolov en hann hefur var ráðinn þjálfari fyrir árið 2012. Liðið var með tvö verkefni á árinu 2011, náðu bronsverðlaunum á Novotel Cup í Luxemborg í janúar og tók þátt í Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein í júní en náði ekki á pall.

Ingibjörg Gunnarsdóttir spilaði sinn 50. landsleik fyrir Íslands hönd og fékk afhent Silfurmerki sambandsins eftir leikinn gegn Liechtenstein á Smáþjóðaleikunum. Það var Stefán Jóhannesson, varaformaður BLÍ sem afhenti merkið.

Kvennalandsliðið 2011	Félag	leikir
Fríða Sigurðardóttir	HK	68
Steinunn H. Björgólfsdóttir	HK	16
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	UiS Volley	40
Kristín Salín Þórhallsdóttir	HK	31
Helena Kristín Gunnarsdóttir	HK	16
Fjóla Rut Svavarsdóttir	Þróttur R	16
Zaharina Filipova	Þróttur N	12
Birta Björnsdóttir	HK	16
Birna Baldursdóttir	KA	40
Auður Anna Jónsdóttir	KA	4
Karen Björg Gunnarsdóttir	HK	35
Hjördís Eiríksdóttir	Stjarnan	12
Ingibjörg Gunnarsdótti	HK	53

Elsa Sæný Valgeirsdóttir	Holte IF	49
Miglana Apostolova	Þróttur N	34
Velina Apostolova	HK	16
Lilja Einarsdóttir (GRL leikur)	Þrótti N	1
Guðrún Ása Kristleifsdóttir (GRL leikur)	HK	43
Laufey Björk Sigmundsdóttir (GRL leikur)	HK	28
Apostol Apostolov	Þjálfari	
Emil Gunnarsson stjórnaði GRL leik		
Mundína Kristinsdóttir	Liðsstjóri	
Leifur Harðarson	Dómari	
Stefán Jóhannesson	Aðalfararstj. LIE	

Kvennalandslið Íslands, Smáþjóðaleikar í Liechtenstein.

Dags.	Heimalið	Útilið	Völlur	Úrslit
31.5.2011	Ísland	Liechtenstein	Liechtenstein	0-3 (20-25,25-27,21-25)
1.6.2011	San Marino	Ísland	Liechtenstein	3-0 (25-23,25-21,25-19)
2.6.2011	Luxemborg	Ísland	Liechtenstein	3-1 (25-15,13-25,25-21,25-22)
3.6.2011	Ísland	Kýpur	Liechtenstein	0-3 (10-25,21-25,21-25)
22.6.2011	Ísland	Grænland	Varmá	3-0 (10-25,21-25,21-25)



Kvennalandsliðið æfir nú af kappi fyrir undanriðil EM smáþjóða sem fram fer í Luxemborg frá 25.-27. maí nk. Æfingahópurinn samanstendur af 13 leikmönnum en upphaflegi hópurinn var ögn stærri en nokkrar gáfu ekki kost á sér vegna annarra verkefna.

Kvennalandsliðið 2012	Félag	leikir
Fríða Sigurðardóttir	HK	68
Helena Kristín Gunnarsdóttir	Þrótti N	16
Birta Björnsdóttir	HK	16
Auður Anna Jónsdóttir	KA	4
Hjördís Eiríksdóttir	Stjarnan	12
Miglana Apostolova	Afturelding	34
Velina Apostolova	Afturelding	16
Ásthildur Gunnarsdóttir	Lyngby	11
Sunna Þrastardóttir	Þróttur R	6
Lilja Einarsdóttir	Þrótti N	1
Berglind Gígja Jónsdóttir	HK	0
Guðrún Sveinsdóttir	Afturelding	0
Kristina Apostolova	Afturelding	0
Hugrún Óskarsdóttir	HK	0
Apostol Apostolov	Þjálfari	
Mundína Kristinsdóttir	Sjúkraþjálfari	
Jón Ólafur Valdimarsson	Dómari	

Unglingalandslið Íslands

Unglingalandslið BLÍ eru fjögur talsins. Öll liðin tóku þátt í Norðurlandamóti unglunga á síðasta ári en U17 var haldið í Falköping í Svíþjóð og U19 var haldið í Færeyjum.

U17 ára karla og kvenna kepptu dagana 23.-25. september 2011. Íslensku stúlkurnar enduðu í 5. sæti mótsins eftir sigurleik gegn Færeyjum. Strákarnir höfnuðu í 6. sæti eftir tapleik gegn Færeyjum en leikurinn endaði í oddahrinu þar sem Færeyingar voru sterkari. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkar landslið að taka þátt í keppni sem þessum en þarna komast flestir í tæri við alvöru blak og alvöru leiki í fyrsta sinn.

Fararstjóri í Falköping var Velina Apostolova en auk þjálfaranna, Apostol og Zdravko var Jón Ólafur Valdimarsson með í ferðinni sem dómari.

U19 ára drengir og stúlkur kepptu dagana 10.-12. nóvember 2011 í Færeyjum. Íslensku liðin flugu til Þórshafnar miðvikudaginn 9. nóvember og komu heim



mánudaginn 14. nóvember en gisti var í frábærri aðstöðu á Hótel Föroyar. Mótið tókst vel og komu stúlkurnar heim með bronsverðlaun eftir glæsilega sigur gegn Noregi í bronsleiknum. Strákarnir töpuðu bronsleiknum gegn heimamönnum en fjórar þjóðir tóku þátt í mótinu, Ísland, Færeyjar, Noregur og Danmörk.



Fararstjóri U19 ára ferðarinnar voru Stefán Jóhannesson með stúlkurnar og Jason Ívarsson með drengina. Með för var Mundína Ásdís Kristinsdóttir, sjúkrapjálfi og Ólafur Jóhann Júlíusson sem sérlegur aðstoðarmaður. Sævar Már Guðmundsson var dómari í mótinu og ferðaðist með liðinu til Færeyja.

Leikmenn unglingalandsliðanna 2011

<u>U 17 Stúlkur</u>		<u>U17 Drengir</u>	
Nafn	Félag	Nafn	Félag
Nicole Hannah Johansen	Stjarnan	Felix Þór Gíslason	Sindra
Ísabella Erna Sævarsdóttir	Stjarnan	Benedikt Baldur Tryggvason	Stjarnan
Hafrún Hálfðánardóttir	Þróttur Nes.	Sindri Engilbertsson	Stjarnan
Hilda Rut Harrysdóttir	Stjarnan	Stefán Gunnar Þorsteinsson	HK
Kolbrún Ýr Sturludóttir	Stjarnan	Lúðvík Már Matthíasson	HK
Katrín Sara Reyes	Vík.-Reynir	Ragnar Már Garðarsson	Stjarnan
Ólöf Októsdóttir	Stjarnan	Gunnar Pálmi Hannesson	KA
Alda Ólína Arnarsdóttir	KA	Sævar Karl Randversson	KA
Hólmfríður Ásbjarnardóttir	KA	Egill Þorri Arnarson	Stjarnan
Berglind Gígja Jónsdóttir	HK	Benedikt Rúnar Valtýsson	KA
Hugrún Óskarsdóttir	HK	Valþór Ingi Karlsson	KA
Marta Pavlov	Stjarnan	Hallgrímur Snær Andrússon	HK
Apostol Apostolov	þjálfari	Zdravko Demirev	þjálfari
Velina Apostolova	fararstjóri	Velina Apostolova	fararstjóri
Jón Ólafur Valdimarsson	dómari		

<u>U19 Stúlkur</u>		<u>U19 Drengir</u>	
Nafn	Félag	Nafn	Félag
Kristina Apostolova	Afturelding	Alexander Sævar Guðbjörnsson	Stjarnan

Helena Kristín Gunnarsdóttir	Próttur N	Andreas Hilmir Halldórsson	HK
Hjördís Eiríksdóttir	Stjarnan	Geomar M. Orbon	Stjarnan
Lilja Einarsdóttir	Próttur N	Jóhann Eiríksson	UMFG
María Gunnarsdóttir	HK	Lúðvík Már Matthíasson	HK
Pálmey Kamilla Pálmadóttir	HK	Gunnar Pálmi Hannesson	KA
Rósa Dögg Ægisdóttir	Stjarnan	Egill Þorri Arnarsson	Stjarnan
Nicole Hannah Johansen	Stjarnan	Lárus Jón Thorarensen	Stjarnan
Auður Anna Jónsdóttir	KA	Ágúst Máni Hafþórsson	HK
Sylvía Kolbrá Hákonardóttir	Próttur N	Ragnar Már Garðarsson	Stjarnan
Hugrún Óskarsdóttir	HK		

Apostol Apostolov	Þjálfari	Zdravko Demirev	Þjálfari
Stefán Jóhannesson	Fararstjóri	Jason Ívarsson	Fararstjóri
Sævar Már Guðmundsson	Dómari	Mundína Ásdís Kristinsdóttir	
Ólafur Jóhann Júlíusson	Aðst.maður		

U19 ára landsliðin fengu einn aukadag í Færeyjum. Þessi dagur nýttist vel og voru settir upp æfingaleikir fyrir liðin við Færeyjar. Stúlkurnar spiluðu í Klakksvík og unnu þann leik 3-1 eftir að hafa tapað fyrstu hrinunni. Helena Kristín Gunnarsdóttir var valin besti leikmaður leiksins, en þetta var hennar síðasti leikur í U19 ára landsliðinu.



Strákarnir eyddu deginum í Suðurey eftir u.þ.b. tveggja klukkustunda bátsferð frá Þórshöfn. Ísland vann leikinn 3-1 og var Alexander Sævar Guðbjörnsson valinn besti leikmaður leiksins. Þann leik dæmdu Sævar Már Guðmundsson og Ólafur Jóhann Júlíusson, en það var fyrsti alþjóðlegi leikur þess síðarnefnda.

Stjórn BLÍ og Landsliðsnefnd hafa unnið markvisst að því að fjölga verkefnum landsliðanna undanfarin ár. Árangurinn síðasta árs var ekki ásættanlegur hjá A landsliðunum miðað við þá leikmenn sem léku fyrir Íslands hönd. Bronslið U19 ára landsliðsins stúlkna stendur þó upp úr á árinu en það er jöfnun á besta árangri unglingalandsliðs Íslands í blaki. Vegna efnahagsástandins hefur ekki verið hægt að fylgja eftir góðum árangri frá 2009 eins og vonir stóðu til en við höldum ótrauð áfram. Vonast er til þess að stöðugleiki haldist í að ná í verðlaun á þeim mótum sem Ísland tekur þátt í hverju sinni.

Landsliðsnefnd vill þakka fararstjórum, dómurum og öðrum sem lögðu hönd á plóginn í landsliðsstarfinu á starfsárinu og við vonum eftir góðu samstarfi áfram.

Landsliðsnefnd BLÍ

Skýrsla dómaranefndar BLÍ keppnistímabilið 2011 – 2012

Starfsemi dómaranefndar var með óbreyttu sniði eins og hefur verið sex seinustu keppnistímabil. Fyrst er athugað hvaða dómarar, sem eru með lands- og héraðsdómararéttindi og verið virkir í dómgæslu seinustu ár, á vegum BLÍ eru reiðubúnir að gefa kost á sér í dómgæslu fyrir tímabilið. Og þá hvaða daga þeir eru

forfallaðir frá dómgæslu og hvað þeir eru reiðubúnir að dæma mikið. Formaður mótanefndar og framkvæmdastjóri BLÍ raðar síðan dómurum á leiki út frá þessum upplýsingum í samráði við formann dómaranefndar og niðurröðun gerð með hans samþykki þegar dómarar hafa staðfest sína leiki. Formaður dómaranefndar sá aftur um að raða niður dómurum í úrslitakeppni Íslandsmótsins og undanúrslita- og úrslitaleiki bikarkeppninnar og er reynt



að ganga út frá að hafa reyndustu dómara á þeim leikjum sem og að sem mest hlutleysis sé gætt. Dómaranefnd BLÍ þetta keppnistímabil var óbreytt frá fyrra tímabili þannig að undirritaður, Jón Ólafur Valdimarsson, var formaður nefndarinnar og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdarstjóri BLÍ var starfsmaður og meðstjórnandi í nefndinni. Engir formlegir fundir voru haldnir hjá nefndinni, aðeins óformleg samskipti í formi tölvupósta, símtala og þegar viðkomandi aðilar hittust við ýmis tilefni.

Hinn árlegi dómara- og ritarafundur var haldin 28. september 2011 á vegum nefndarinnar og stýrði formaður nefndarinnar honum. Sæmileg mæting var á fundinn en einhverja lands- og héraðsdómara vantaði af höfuðborgarsvæðinu sem og dómarar út á landsbyggðinni sáu sér ekki fært um að mæta. Þetta er nokkurs konar upplýsinga- og samráðsfundur milli dómara þar sem farið var yfir ákveðin túlkunaratriði varðandi leikreglur, ritun leiksýrslu og dómgæslu og öllum gefið tækifæri á að koma með fyrirspurnir varðandi þau atriði sem þeim fannst óljós varðandi dómgæslu og málum tengd starfsemi dómara á vegum BLÍ. Þær upplýsingar sem komu fram á fundinum var síðan dreift til allra dómara og liða strax eftir fund svo allir væru með þetta nokkurn veginn á hreinu.

Sama greiðslufyrirkomulag var fyrir dómgæsluna eins og hefur verið seinustu fjögur keppnistímabil, þ.e. BLÍ greiðir dómurum í 2 greiðslum fyrir deildina. Fyrir úrslitakeppni bikarkeppninnar og Íslandsmótsins er þeim dómurum sem þar dæma greitt þegar þeirri keppni er lokið. Stjórn BLÍ ákvað eftir ítarlega ábendingar dómaranefndar BLÍ undanfarin ár að hækka greiðslu fyrir dómgæslu í 1. og 2. deildinni fyrir þetta tímabil svo hægt væri að manna dómgæslu á leiki með góðu móti og að dómarar tækju starf sitt alvarlega. Gjaldið fyrir 1. deild var hækkað úr 4.000 kr. á dómara í leik upp í 6.500 kr. í 1. deild og úr 3.000 kr. upp í 4.500 kr. á dómara í leik í 2. deildinni. Greiðsla fyrir dómgæslu á dómara í leik í 3. og 4. deild kvenna var aftur á móti óbreytt frá því í fyrra eða 2.000 kr. á leik enda þar einungis spilað upp á 2 hrinur unnar. Einnig var ákveðið að greiða 7.000 kr á dómara í leik í undanúrslitum Íslandsmóts og bikarkeppni og 8.000 kr. á dómara í leik í úrslitum Íslandsmóts og bikarkeppni. Enn eru frekar fáir reyndir dómarar í boði og flestir hafa einhver tengsl við ákveðið lið sem eru að keppa og því er oft snúið að púsla saman dómurum á leiki þegar margir mikilvægir leikir eru í gangi á sama tíma, samanber þegar lokaumferð deildarkeppnanna eru spilaðar á sömu helginni. En vonandi halda nýir og efnilegir dómarar áfram að dæma svo þau mál verði í lagi í framtíðinni enda nauðsynlegt þar sem fjöldi leikja á hverju tímabili fer fjölgandi.

Eitt dómaranámskeið var haldið á tímabilinu þann 27. janúar 2012 á Akureyri. Jón Ólafur Valdimarsson formaður dómaranefndar og alþjóðlegur blakdómari hélt dómaranámskeið þar sem 21 manns tóku og 8

pátttakendur náðu prófi. Dómaranefnd BLÍ óskar þessu fólki innilega til hamingju með dómarapróf sín og óskar þeim velfarnaðar í dómgæslunni ef þau leggja það fyrir sig í framtíðinni. Stefnt er að frekari dómaranámskeiðum eftir þörfum í byrjun næsta keppnistímabils. Einnig sá Sævar Már Guðmundsson alþjóðlegur blakdómarakandidat um leikreglnakynningu fyrir íþróttakademíu Háskólans í Reykjavík þann 14. febrúar 2012.

Alls þurfti að raða niður dómurum á 535 leiki sem voru á vegum BLÍ og gekk það ágætlega fyrir sig þó að eitthvað væri um að upphaflegir dómarar á leikjum forfölluðust en það fundust ávallt dómarar í staðinn með mismikilli fyrirhöfn þó sem gerði það að verkum að sumir dómarar voru virkari í dómgæslunni en aðrir. Sumir dómarar voru þó búnir að gefa það út að þeir gætu eitthvað takmarkað dæmt þennan vetur vegna ýmissa ástæðna. Til þess að dæma þessa 535 blakleiki í öllum landshlutum hafði dómaranefnd BLÍ aðgang að 28 héraðsdómurum og 16 landsdómurum (sjá nöfn og fjöld dæmdra leikja í viðauka). Sumir af okkar dómurum eru enn að spila svo erfitt getur að manna störf dómara þegar margir leikir eru í gangi. Einnig sökum þessa að margir dómarar eru leikmenn, þjálfarar eða stjórnarmenn tiltekinna liða að þá getur oft verið erfitt að finna hæfa dómara sem teljast með öllu hlutlausir í tiltekna leiki eftir aðstæðum en það er trú nefndarinnar BLÍ að allir dómarar dæma eins og á að dæma eftir reglum blaksins óháð því hvort þeir tengjast viðkomandi liðum eða ekki.

Þar sem nýir dómarabúningar voru seinast boðnir fram árið 2005 var öllum dómurum boðið að fá nýja dökkbláa merktu dómaraboli svo hægt væri að tryggja að dómarar væru eins klæddir í leikjum og nýttu flestir starfandi dómarar á þessu tímabili það. Auk þess var öllum landsdómurum boðið að kaupa nýja alþjóðlega dómarabúninga frá Mikasa en verðið á þeim var niðurgreitt af BLÍ. Voru þeir búningar settir í noktun í úrslitakeppni bikarkeppni BLÍ og verða landsdómarar á vegum BLÍ í þeim búningum næstu keppnistímabil ásamt dómarabolunum.

Árlega eða annað hvert ár er haldin ráðstefna á vegum dómaranefndar Evrópublaksambandsins þar sem forsvarsmenn dómaranefnda landa í Evrópu eða fulltrúar alþjóðlegra dómara í þeim löndum er boðið á til að fara yfir helstu mál í nútíma blakdómgæslu. Þar sem fulltrúi frá Íslandi hefur ekki farið á þessa ráðstefnu síðan 2006 var ákveðið að Jón Ólafur formaður dómaranefndar BLÍ og alþjóðlegur blakdómari færi á næstu ráðstefnu í ár en hún var haldin í Slóvakíu daganna 13. – 15. maí 2011. Þar voru nokkrir áhugaverðir fyrirlestrar varðandi atriði í blakdómgæslu sem og umræður um það nýjasta í blakdómgæslu sem og að taka púlsinn á dómgæslu landa í Evrópu. Þau atriði sem voru sérstaklega rædd á þessari ráðstefnu var m.a.



hvernig meta eiga dómara og dómgæslu þeirra, hvernig dómarar eiga bera sig fram í dómgæslu, ýmsir sálrænir þættir varðandi dómgæslu sem og samskipti dómara við aðra aðila í blakleik. Nauðsynlegt er að fara á þessa ráðstefnur með reglulegur millibili svo hægt sé að miða dómgæsluna hér við þau viðmið sem sett eru í Evrópu og séu vel meðvituð um þær nýjungar í blakdómgæslu og hver þróunin á því sviði er.

Alþjóðablaðdómarar okkar Leifur Harðarsson og ég undirritaður Jón Ólafur Valdimarsson dæmdu nokkra leiki erlendis á þessu tímabili. Jón Ólafur fór með U-17 landsliðum karla og kvenna Íslands á Norðurlandamótið í Falköping í Svíþjóð sem dómari í september 2011 og dæmdi þar 7 leiki. Í desember 2011 fór Jón Ólafur til borgarinnar Salo í Finnlandi og dæmdi leik sem aðaldómari í 16 liða úrslitum í Evrópukeppni kvenna í blaki. Næsta verkefni Jóns Ólafs er að dæma 2 leiki í forkeppni Evrópukeppni Smáþjóða kvenna í blaki í Luxemborg dagana 25. - 27. maí 2012 en það er í sama riðli og íslenska kvennalandsliðið keppir í. Leifur dæmdi á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein á síðasta ári, alls 4 leiki. Þá dæmdi hann 2 leiki Danmerkur og Georgíu í Danmörku en liðin kepptust um að komast í undanriðil fyrir Ólympíuleikana í London 2012. Einnig dæmdi hann í Evrópukeppni félagsliða sem aðaldómari í kvennaleik Katrineholm og Vizura Beograd í Svíþjóð þann 18. janúar 2012. Næstu verkefni Leifs er að dæma seinni leik Bretlands og Albaníu í fyrstu umferð Evrópukeppni karlalandsliða þann 19. maí nk. í Englandi. Leifur er á sínu síðasta ári sem alþjóðlegur blaðdómari og er von á að hann fái leiki í sumar og í haust áður en hans ferli er lokið.

Landsdómariinn Sævar Már Guðmundsson fór á alþjóðlegt dómaramámskeið í Rúmeníu daganna 9.-17. október 2011. Að námskeiði loknu tók hann alþjóðlegt dómaraþróf og stóðst hann það með mikilli þrýði og er hann þar með orðinn alþjóðlegur blaðdómarakandidat. En á næstu 5 ára tímabili mun 2 í evrópsku dómaramámskeiðinu meta hann í dómgæslu áður en hann verður formlega alþjóðlegur dómari. Sævar er þar með þriðji Íslendingurinn til að öðlast alþjóðleg blaðdómaramaréttindi og óska ég, undirritaður, Sævari innilega til hamingju með þennan merka áfanga. Ekki veitir af vegna aukinna verkefna íslenskra blaðlandsliða sem og að Leifur Harðarson þarf að hætta sem alþjóðlegur blaðdómari þegar árið 2012 er liðið. En samkvæmt reglum Alþjóða blaksambandsins verða alþjóðlegir blaðdómarar að hætta alþjóðlegri dómgæslu er þeir ná 55 ára aldrinum en mega samt sem áður dæma lengur í sínu heimalandi vilji þeir það. Fyrsta verkefni Sævars sem alþjóðlegur blaðdómarakandidat var að dæma á Norðurlandamóti karla og kvenna U-19 í Færeyjum daganna 10.-12. nóvember en þar dæmdi Sævar 5 leiki. Næsta verkefni Sævars er að dæma 2 leiki í forkeppni Evrópukeppni Smáþjóða karla í blaki á Möltu daganna 25.-27. maí 2012.

Þann 21. mars 2012 var haldin dómaramámskeiðs fundarsölu í ÍSÍ að frumkvæði Viðars Sigurjónssonar sviðsstjóra þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ. Tilgangur dómaramámskeiðs fundarinnar var að ræða dómaramál almennt í boltaþróttunum á Íslandi og hvað væri sameiginlegt í dómaramálum hjá boltaþróttagreinunum. En þær íþróttagreinar voru, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur og blak og var sérsamböndum þessara íþróttagreina boðin þátttaka á þessari ráðstefnu og voru öll sérsamböndin fús til að taka þátt í henni. Undirritaður, Jón Ólafur, formaður dómaramámskeiðs fundar BLÍ var fulltrúi BLÍ í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. Góð mæting var á ráðstefnunna sem var opnuð af Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ. Fulltrúar BLÍ á þessari ráðstefnu voru Jón Ólafur formaður dómaramámskeiðs fundar BLÍ og alþjóðlegur blaðdómari, Jason Ívarsson formaður BLÍ og landsdómari í blaki, Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri BLÍ og alþjóðlegur blaðdómarakandidat og Björn Guðbjörnsson fyrrum formaður BLÍ og fyrrum landsdómari í blaki. En Björn var fundarstjóri eins umræðuhópsins á ráðstefnunni og Jason var ritari hópsins. Heppnaðist ráðstefnan vel og var ákveðið að halda þessu sameiginlega samstarfi í dómaramálum milli sérsambandanna áfram en margir sameiginlegir fletir eru hjá þessum samböndum í dómaramálum sjá því öll hag sinn að hafa sameiginlegan umræðugrundvöll varðandi dómaramál sín. Það má segja að þetta sé mikil viðurkenning fyrir dómara starfsemi BLÍ að vera boðið að taka þátt í þessu samstarfi enda mikið fyrir BLÍ að græða að vera í samstarfi með stærri samböndum til að fá upplýsingar og ráðleggingar til að mæta gæðin í dómaramálum sínum Sem dæmi um umræðuatriði varðar mat á dómurum, endurmenntun dómara, fá fleiri góða dómara inn í dómara stéttina, fjölgun kvendómara o.s.frv. Eitt atriði er það sem skoða megi varðandi næstu

keppnistímabil hjá BLÍ en það er hvort það sé hægt að koma á grundvelli eftirlitsdómara á stærstu leikjum í bikar- og úrslitakeppni BLÍ svo betur sé hægt að taka á málum sem geta komið upp á í þeim leikjum. Sem dæmi um það kom upp í bikarúrslitaleik kvenna í blakinu þar sem þjálfari annars liðsins var í leikbanni en álitamál var hvort dómara leiksins ættu að vera skipta sér af því hvort viðkomandi þjálfari væri að hafa afskipti af liði sínu úr áhorfendabekkjnum. Einnig að meta hvort það ætti að hafa 4 línuverði á úrslitaleikjunum ef einhver línuvarðanna væri ekki klár í sitt hlutverk en í úrslitakeppninni í bikarnum voru nú hafðir 4 línuverðir á hverjum leik eins og alþjóða reglur kveða á um en ekki var víst hvort allir þeir línuverðir sem tóku þátt væru með dómararéttindi og því mistilbúnir í það verk að vera línuverðir og það er eitthvað sem þarf að skoða betur fyrir næsta keppnistímabil.

Að lokum vil ég hvetja leikmenn allra deilda, þjálfara og aðra forsvarsmenn liða að renna reglulega yfir leikreglurnar í blaki svo menn hafi sem bestan skilning á þeim þegar keppt er og séu því vel meðvitaðir um ákvarðanir dómara hverju sinni. Einnig er mikilvægt að leikmenn og þjálfarar viti hvernig samskipti þeirra sé háttað við dómara í leikjum sem og við andstæðinga sína á vellinum. Því miður koma alltaf upp atvik á

hverju tímabili þar sem leikmenn eða þjálfarar séu að skammast í og úthúða dómurum að óþörfu í leikjum eða eftir leik. Er það von nefndarinnar að viðkomandi aðilar sýni þann þroska á næsta keppnistímabili að hafa þannig uppákomur í lágmarki og beri virðingu fyrir störfum dómara. En það er þó mat mitt að þetta hafi



lagast mikið undanfarin keppnistímabil og samskipti milli dómara, leikmanna, þjálfara verið til mikillar fyrirmyndar þó svo einstaka sinnum menn missi sig í hita leiksins. Það sama á við um dómara að halda sér ávallt við efnið og rífa reglulega upp leikreglurnar enda er það þeirra að kunna þær 100%. Engin formleg athugasemd eða kæra barst nefndinni er tengdist óánægju varðandi dómgæslu í vetur og því var ekki þörf á formlegum svörum frá dómara nefndinni af þeim sökum. Aftur á móti var eitthvað um óformlegar kvartanir frá liðum og einstaklingum sem bárust til skrifstofu BLÍ og reyndi dómara nefnd BLÍ að taka tillit til athugasemda ef hún sá þörf á því. Eitt formlegt erindi barst dómara nefndinni þar sem lið sem keppti í úrslitakeppninni í 2. deild var ósátt við að það voru einungis héraðsdómarar sem dæmdu úrslitaleikina en hefðu viljað hafa reynda landsdómara á þeim leikjum. Dómara nefndinni fannst þeir leikir tilvalið tækifæri til að leyfa áhugasömum héraðsdómurum að spreyta sig á úrslitaleikjum og sjá þá hvort þeir séu klárir í leiki sem krefjast landsdómara réttindi og í leiðinni liður til að öðlast landsdómara réttindi.

Eins og á hverju tímabili var eitthvað um að leikmenn og þjálfarar fengu gul eða rauð spjöld á tímabilinu. Þeir sem fóru í leikbönn á árinu var eftir reglugerð aganefndar BLÍ út frá rauðum eða uppsöfnuðum gulum spjöldum. Nánar um stöðu spjalda og hverjir fengu spjöld er að finna í viðauka þessarar skýrslu.

Það er von dómarnefndar að gæði blaks og blakdómgæslu muni ávallt aukast á komandi árum og er það markmið nefndarinnar að stuðla að góðri dómgæslu og umgjörð kringum hana á mótum BLÍ. Einnig vil ég í leiðinni minna félög á að þau eiga að tilnefna 2 dómara sem dæma fyrir þeirra hönd fyrir hvert keppnistímabil og þau muni sinna þeirri skyldu að samviskusemi.

Læt þetta nægja í bili og vil ég fyrir hönd dómarnefndar BLÍ færa öllum þeim sem dæmdu í okkar nafni í vetur bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Virðingarfyllt,

Jón Ólafur Valdimarsson

Formaður dómarnefndar BLÍ keppnistímabilið 2011 – 2012

Þinggerð 37. öldungapings BLÍ 2012

37. Öldungaping, Tröllla 2012.

Haldið á Kaffi Rauðku 28.apríl 2012 kl 22.00

Fundarstjóri: Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Fundarstjóri stakk upp á Margréti Laxdal sem fundarritara – samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá þingsins:

1. Kosning um öldung 2013
2. Reglugerðarbreytingar
3. Önnur mál

Fundarstjóri bað þingfulltrúa um að koma tillögum í önnur mál til ritara. Ein tillaga barst frá Jakobi úr karlaliði Aftureldingar.

1. Kosning um öldung 2013
 - a) Hannes Garðarsson frá KA kynnir umsóknina um að halda Öld 2013 á Akureyri 28.-30.apríl 2013.
 - b) Karl Sigurðsson frá HK kynnir umsóknina um að halda Öld 2013 í Kópavogi 28.-30.apríl 2013.
 - c) Fyrirspurnir til öldungaefna úr sal

- i. Hannes: Af hverju að sækju um öldung strax 2.árum eftir mót (2005 > 2007)? Svar: Til að komast í röðina.

Karl: Hvað eru margir vellir í Kórnum? Svar: Núna eru 6 vellir í Kórnum en síðan á að leggja parket á risastórt knattspyrnuhúsið og því allt að 16 vellir.

- ii. Hannes og Karl: Er tryggt að öll lið fái aðgang að lokahófi? Svar Karls: Að sjálfsgöðu. Svar Hannesar: Getum tekið 1100 manns í KA-höllina.

- iii. Karl: Það er kalt í Kórnum þar sem gervigrasið er – hvernig á að halda hita þar? Svar: Minnsta mál að henda inn kyndingu.

- d) Kosning: Einn (1) aðili frá hverju liði þarf að vera skráður í kerfinu (forsvarsmaður, leikmaður, þjálfari eða liðstjóri) til að geta greitt atkvæði. Kosning fór vel fram – tilkynnt um úrslit á lokahófinu.

2. Reglugerðarbreytingar

- a) Tillaga borin fram af Huldu Elmu og Önnu Maríu er varðar 2.gr reglugerðarinnar. Þær vilja breytingu á lið b er varðar aldursskiptinguna. Tillaga samþykkt samhljóða.
- b) Tillaga borin fram af Ósk Jórinni (fundarstjóri las upp tillöguna) er varðar 2.gr reglugerðarinnar. Hún vill að lið öðlist þátttökurétt á Öldungamótinu með því að taka þátt á mótum á vegum BLÍ og/eða félagsmótum sem eru á www.blak.is. Tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum.
- c) Tillaga borin fram af Sigurbirni Árna er varðar 7.gr reglugerðarinnar. Hann vill bæta inn í reglugerðina að lið megi einungis taka eitt (1) leikhlé í hrinu. Það kom fram athugasemd við tillöguna þar sem orðið leikhlé vantaði í hana. Breytingartillagan, þ.e. með orðinu leikhlé inni var samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

- a) Hannes Garðarson: Fjöldi staða sem geta sótt um Öldungamótið fer fækkandi. Hann vill umræður um hvað sé til ráða, á að bæta t.d. við degi eða hvað?. Mikilvægt sé að halda í nýliðunina. Hannes gerir það að tillögu að skipta mótinu í tvennt, en gerir sér grein fyrir því að tillagan er meingölluð en þetta er lagt fram til að skapa umræður og til að vekja blakara til umhugsunar.

Jakob M. Baldursson ræðir gegn því að mótið færi á tvær helgar, kemur með hugmynd um að stytta leiktíma neðri deildanna (6.deild og neðar) með því að spila upp í 21 stig.

Fundarstjóri vísar því til Árspings BLÍ að koma með hugmynd að lausn, t.d. með því að skipa nefnd.

Samþykkt með öllum nema 3 greiddum atkvæðum að vísa umræðunni til Ársþings BLÍ.

Þingi slitið kl 23.35

Margrét Laxdal

Strandblak - Ársskýrsla fyrir árið 2010

Sumarið 2011 hófst mjög snemma þar sem strandblakarar voru mættir í sandinn í byrjun maí til að undirbúa landsliðsferð. Fanta mótaröðin varð sýnilegri, keppt var á nýjum mótstöðum og nýir Íslandsmeistarar litu dagsins ljós.

Nýtt blað var brotið í sögu strandblaks á Íslandi þegar við sendum tvö kvennalið í U-19 á norðurlandamót, þar sem liðin náðu góðum árangri.

Fanta styrkir strandblakið

Um miðjan maí var gerður samningur við Fanta á Íslandi um styrk til handa strandblaki.

Styrkurinn fólst í því að Fanta sá um að auglýsa upp öll mót sumarsins í fjölmiðlum, en það er ein leið til að gera íþróttina sýnilegri og þ.a.l. vinsælli. Einnig útveguðu þeir orkudrykki fyrir alla keppendur meðan á mótum sumarsins stóð, ásamt því að dreifa hundruðum lítra af Fanta til áhorfenda á mótssstað.

Umgjörð mótanna varð allt önnur og myndarlegri þar sem Fanta auglýsingaborðum og skiltum var raðað hringinn í kringum vellina, og gaf keppninni skemmtilegra yfirbragð.



Mót

Trimmót

Sólsetursmót í Garðinum 25. júní 2011

Garðbúar fengu sinn strandblakvöll sumarið 2010 og var því komið að vígslumóti á þeirra velli. Mótið sem var þriggja manna trimmót, var haldið á Sólseturshátíð heimamanna. Margt var um manninn við vellina meðan á leikjum stóð og fengu keppendur mikið lof og klapp.

Trimmót HK í Fagralundi 6. júlí 2011

Haldið var trimmót í Fagralundi í brjálaðri blíðu. Keppt var eftir hraðmótarfyrirkomulagi með 15 mínútna leikjum. Liðin voru skipuð 2 eða 3 í liði en það var val hvers liðs.

Parakeppni í Fagralundi 20. júlí 2011

Keppt var í parakeppni í strandblaki eitt fagurt miðvikudagskvöld. Reglur mótsins voru bara þær að lið þurfti að samanstanda af karli og konu. 14 lið mættu til leiks þar sem leikið var langt fram á kvöld. Eftir mótið var

grillið tekið fram og myndaðist mikil og skemmtileg stemning. Það var mál manna að svona mót mættu vera oft og verður ekki ólíklegt að svo verði á komandi ári.

Strandblakmót Rauðku á Siglufirði 30. júlí 2011

Siglufirðingar tóku sig til á árinu og settu upp einn völl á fallegum stað niður við höfnina. Haldin voru tvö námskeið í strandblaki á Siglufirði þetta sumarið og liðin því tilbúin til keppni. Því var blásið til keppni um verlsunarmannahelgina við mikinn fögnuð heima- og aðkomumanna.

Opið strandblakmót á Flúðum 30. júlí 2011

Hrunamenn héldu sitt árlega trimmót á strandblakvöllum á Flúðum. Mikill fjöldi sótti mótið en mótin á Flúðum eru ávallt vel sótt. Staðsetning vallanna er ekki til að skemma fyrir en þau eru inná miðju tjaldsvæði bæjarins og mikið notaðir af tjaldbúum.

Strandblakmót á Neistaflugi 31. júlí 2011

Árlega hefur verið haldið strandblakmót á Neistaflugi sem er hátíð Neskaupstaðarbúa um verlsunarmannahelgina. Að þessu sinni var mótið haldið í fyrsta sinn á sér hönnuðum strandblakvöllum heimamanna en þeir eru staðsettir í hlíðinni fyrir ofan tjaldsvæði bæjarins. Völlurinn í Neskaupstað er sá eini á landinu sem er með innfluttan sand, en það var ódýrara að flytja hann inn að utan með skipi en flutningabílum að sunnan.

Strandblakmót á Mærudögum á Húsavík 23. júlí 2011

Hefð er að verða fyrir því að haldið sé strandblakmót í fjörunni á Húsavík á Mærudögum, en það eru gleðidagar Húsvíkinga ár hvert. Þetta sumarið var engin undantekning þar sem menn, konur og börn trylltu um í sandinum og spiluðu strandblak út í eitt.

Unglingalandsmót

Unglingalandsmótið á Egilsstöðum 30. – 31. júlí 2011

Í fyrsta sinn var keppt í strandblaki á Unglingalandsmóti en það fór að þessu sinni fram á Egilsstöðum. Þegar ákveðið var að strandblak yrði sýningargrein á mótinu drifu heimamenn sig í að setja upp annan völl svo hægt væri að keppa á tveim völlum samtímis. Þar sem ekki var forskráning í strandblakið eins og hinar íþróttagreinarnar þá þurftu heimamenn að setja upp mótið á staðnum og fórst þeim það vel úr hendi.

Fín þátttaka var í mótinu og sáust margar upprennandi stjörnur í sandinum. Það er von okkar að strandblak verði ein af þeim greinum sem koma til með að telja til stiga á unglingalandsmótunum hér eftir.

Stigamót BLÍ

Stigamót I – Fagralundi Kópavogi 11. júní 2011

19 lið skráðu sig til leiks að þessu sinni og vakti það athygli að fleiri karlalið en kvennalið vor skráð til leiks. 11 karlalið tóku þátt en 8 kvennalið. Þetta var ákveðin viðsnúningur á þeirri þróun sem verið hefur, en sumarið var svo sem rétt að byrja og kvenpeningurinn ekki alveg tilbúin með tærnar í kaldan sandinn.

Úrslit mótsins urðu nánast eftir bókinni. Mikið var um langa, jafna og spennandi leiki og greinilegt að bilið milli liða í styrkleika er óðum að minnka.

Mótsdagurinn byrjaði ekki vel, mótstjóri var nálægt því að fresta móti vegna hvassviðris en þetta er mesti vindur sem verið hefur á stigamóti frá því byrjað var að stunda þessa íþrótt hér á landi. Veðrið tók þó breytingum með íslenskum dýfum og máttu keppendur sætta sig við hvassviðri, rigningu, logn og sól.

Í úrslitaleik kvenna áttust við þær Laufey og Birta á móti Hjördísi og Fjólu. Leikurinn var skemmtilegur og spennandi og fór hann í 3 hrinur. Leikurinn endaði með 2 - 1 sigri þeirra Laufeyjar og Birtu (18-21 / 21-16 / 15-7).

Til úrslita í karlakeppninni spiluðu þeir Einar og Brynjar á móti Emil og Eiríki, en það er endurtekning frá úrslitamóti síðasta sumars. Þessi lið höfðu mæst fyrr um daginn í riðlinum en þá unnu þeir Emil og Eiríkur leikinn 2 - 1. Í úrslitaleiknum snérist þetta við sigruðu Einar og Brynjar leikinn 2 - 0 (21 - 14 / 23 - 21)

Efstu þrjú sætin í kvennaflokki urðu því eftirfarandi:

1. sæti - Laufey Björk Sigmundsdóttir og Birta Björnsdóttir (HK)
2. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir (Stjarnan/Þróttur R)
3. sæti - Guðrún Elva Sveinsdóttir og Svala Guðmundsdóttir (UMFA)

Efstu þrjú sætin í Karlaflokki urðu eftirfarandi:

1. sæti - Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson (HK)
2. sæti - Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson (Stjarnan)
3. sæti - Birgir Már Vigfússon og Guðmundur P Guðmundsson (Stjarnan/Þróttur R)

Stigamót II – Flúðum 16. – 18. júní 2011

Það var frábær skráning í annað stigamót sumarsins en alls skráðu sig 24 lið til leiks. Þar af voru 10 kvennalið, 9 karlalið og 5 unglingalið. Eitthvað var um ný lið sem voru að taka þátt í fyrsta sinn, eða leikmenn að skipta um lið, þar sig saman öðruvísi en áður.

Íslandsmeistarar frá ári áður þeir Einar og Brynjar mættu þeim Eiríki og Emil í fjórða síðasta leik mótsins. Leikurinn fór í 3 hrinur og höfðu þeir Eiríkur og Emil betur. Við þetta duttu Einar og Brynjar í neðri riðilinn og mættu þar þeim Róbert og Birgi sem komu sem nýtt lið inní keppnina að þessu sinni. Leikurinn var góður en sveiflukenndur og endaði með sigri Einars og Brynjars.

Það voru því Einar og Brynjar sem mættu Emil og Eiríki í úrslitaleik en það er endurtekning frá síðasta móti. Þá höfðu þeir Einar og Brynjar betur. Í þetta sinn gáfu þeir Emil og Eiríkur ekkert eftir og sigruðu leikinn 2-1 (16-21 / 21 - 14 / 15 - 11). Það er greinilegt á þessu að karlaliðin eru að styrkjast, fleiri sterk lið komin inn og margir farnir að gera tilkall til Íslandsmeistaratitilsins.

Í kvennakeppninni voru einnig nokkur ný lið. Sigurvegarar síðasta móts þær Laufey og Birta skiptu sér nú í önnur lið. Laufey spilaði með Hjördísi og Birta með Ingibjörgu. Í 12. leik mótsins mættu þær Laufey og Hjördís þeim Guðrúnu og Svölu í þriggja hrinu leik. Laufey og Hjördís unnu þann leik 2-1 (22-20 / 15 - 21 / 15 - 9). Við þetta detta þær Guðrún og Svala niður í neðri riðil. Laufey og Hjördís mæta næst þeim Ingibjörgu og Birtu og fer sá leikur 2-0 fyrir Ingibjörgu og Birtu sem eru þá komnar áfram í úrslitaleikinn.

Laufey og Hjördís fara þá í neðri riðil og mæta þar aftur þeim Guðrúnu og Svölu. Leikurinn var hörku þriggja hrinu leikur þar sem ekkert var gefið eftir. Svo fór að Guðrún og Svala uppskáru sigur í leiknum 2-1 (21-19 / 16-21 / 16-14) og stóð leikurinn í 49 mínútur sem var næst lengsti leikur helgarinnar.

Úrslitaleikurinn varð því milli þeirra Guðrúnar og Svölu annars vegar og Ingibjargar og Birtu hinsvegar. Leikurinn var skemmtilegur á að horfa, mikil barátta beggja megin netsins og mikið um varnarbolta og langar skorpur. Svo fór þó að lokum að Ingibjörg og Birta sigruðu leikinn 2-0 (21-17 / 21-12).

Efstu þrjú sætin í kvennaflokki urðu því eftirfarandi:

1. sæti - Ingibjörg Gunnarsdóttir og Birta Björnsdóttir (HK)
2. sæti - Guðrún Sveinsdóttir og Svala Guðmundsdóttir (UMFA)
3. sæti - Laufey Sigmundsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir (HK / Stjarnan)

Efstu þrjú sætin í Karlaflokki urðu eftirfarandi:

1. sæti - Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson (Stjarnan)
2. sæti - Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson (HK)
3. sæti - Róbert Karl Hlöðversson og Birgir Már Vigfússon (Stjarnan)

Stigamót III – Þingeyri 1. júlí 2011

3. stigamót sumarsins í Fanta mótaröðinni fór fram á Þingeyri við Dýrafjörð þann 1. júlí.

8 kvennalið og 4 karlalið tóku þátt í mótinu. Veðrið lék við keppendur þó smá vindur hefði breytt leikjum liðanna inná milli. Fjöldi áhorfenda lagði leið sína að strandblakvöllunum og myndaðist skemmtileg stemning á mótinu, enda Dýrafjarðardagar í fullum gangi.

Konurnar kepptu eftir tvöföldu útsláttarkerfi eins og tíðkast hefur á stigamótum hingað til, en þar sem karlaliðin voru eingöngu fjögur þá spiluðu þeir allir við alla einfalda umferð, eftir það spiluðu efstu 2 liðin um fyrsta sætið og neðri tvö liðin um þriðja sætið.

Einar og Gummi spiluðu saman sem lið að þessu sinni þar sem þeirra liðsfélagar komust ekki vestur, en þeir hafa ekki spilað saman á mótí áður. Þeir náðu að smella vel saman og sigruðu alla sína leiki 2 – 0. Emil og Eiríkur sem hafa verið sterkir á undanförunum mótum náðu sér aldrei á strik og höfðu því lítið í þá Einar og Gumma, en úrslitaleikurinn varð einmitt á milli þessara liða.

Sigurvegarar síðustu móta í kvennakeppninni voru ekki á staðnum og því öruggt að nýtt lið kæmi til með að sigrá á þessu mótí.

Ungstirnir Berglind og Elísabet byrjuðu mótíð með látum og unnu alla sína andstæðinga allt fram að úrslitaleik. Þær sigruðu þær Hjördísi og Fjólu, og einnig Svölu og Gunnu í undanleikjunum og héldust því taplausar fram að úrslitaleik. Svala og Gunna sigruðu Eyrúnu og Ute 2 – 0 í undanúrslitum og voru því komnar í úrslitaleikinn á mótí unglingunum Berglindi og Elísabetu. Svo fór að Svala og Gunna unnu leikinn. Þetta telst samt frábær árangur hjá þeim Berglindi og Elísabetu sem eru án efa efnilegustu strandblakarar landsins í kvennaflokki og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Árangur Svölu og Gunnu er einnig eftirtektarverður þar sem þær hófu að spila saman sem par nú fyrst í vor, og er greinilegt að þær eiga mjög vel saman sem lið.

Efstu þrjú sætin í kvennaflokki urðu eftirfarandi:

1. sæti - Svala Guðmundsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir (UMFA)
2. sæti - Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir (HK)
3. sæti - Eyrún Harpa Hlynisdóttir og Ute Stenkewitz (HK)

Efstu þrjú sætin í karlaflokki urðu eftirfarandi:

1. sæti - Einar Sigurðsson og Guðmundur P Guðmundsson (HK / Þróttur R)
2. sæti - Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson (Stjarnan)
3. sæti - Orri Þór Jónsson og Valgeir Valgeirsson (HK)

Stigamót IV – Neskaupstað 15. – 17. júlí 2011

Ekki fengu keppendur beint að njóta sumarsins í Neskaupstað á þessu móti því þoka var yfir öllu og frekar napurt.

Keppendur létu það þó ekki á sig fá og hömuðust í sandinum líkt og enginn væri morgundagurinn.

Á laugardeginum var keppt í fullorðinsflokki þar sem nýir sigurvegarar náðu í gullið bæði í kvenna- og karladeildinni.

Kvennadeildin var fjörug en 9 lið mættu til leiks. Þar af voru 4 lið sem ekki höfðu tekið þátt í mótum sumarsins og því greinilegt að nóg er til af liðum á landinu.

Jóna Guðlaug og Villy komu sterkar inní mótið og enduðu í 3. sæti, en þær töpuðu fyrir sigurvegurum síðasta móts þeim Guðrúnu og Svölu í leik um að komast í úrslitaleikinn.

Hjördís og Fjóla sem höfðu vermt 2. - 3. sæti í mótunum á undan spiluðu glimrandi strandblak og uppskáru eftir því. Þær sigruðu Guðrúnu og Svölu í úrslitaleik og því enn eitt nýtt lið með gull um hálsinn þetta sumarið, en þetta er fjórða liðið á jafn mörgum mótum sem krækir í gull medalíuna.

Karlarnir mættu heldur fáir austur á firði og ekki eitt einasta heimalið var skráð í mótið í karlaflokki, og telst það frekar dapurt í þessum stóra blakbæ. 3 karlalið mættu að sunnan og voru þau öll frá HK í Kópavogi.

Spiluð var tvöföld umferð milli þessara þriggja liða og síðan úrslitaleikur milli 1. og 2. sætis eftir riðlana. Þeir Einar og Orri unnu alla sína leiki í riðlunum en Alex og Ingó fylgdu þeim þétt eftir. Það voru því Einar og Orri sem spiluðu úrslitaleikinn á móti Alex og Ingó.

Einari og Orri töpuðu úrslitaleiknum í oddahrinu 14 – 16 og voru því nýir gulldrengir mættir á svæðið.

Efstu þrjú sætin í kvennaflokki urðu eftirfarandi:

1. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir (Stjarnan / Þróttur R)
2. sæti - Guðrún Sveinsdóttir og Svala Guðmundsdóttir (UMFA)
3. sæti - Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og Velina Apostolova (UiS Volley / HK)

Efstu þrjú sætin í karlaflokki urðu eftirfarandi:

1. sæti - Alexander Stefánsson og Ingólfur Hilmar Guðjónsson (HK)
2. sæti - Einar Sigurðsson og Orri Þór Jónsson (HK)
3. sæti - Valgeir Valgeirsson og Ólafur J Júlíusson (HK)

Fantamótið / Íslandsmót – Fagralundi Kópavogi 12. – 14. ágúst 2011

Keppit var í frábæru veðri í Fagralundi þar sem gleðin ríkti í drengilegri keppni tæplega 40 liða.

Mótið hófst á föstudegi með keppni í B flokki karla og kvenna. Spilað var fram á kvöld á föstudegi og svo hafist handa aftur eld snemma laugardags, og spilað þar til ljóst var hvaða 2 lið spiluðu til úrslita. Úrslitaleikirnir í B flokki voru spilaðir inn milli úrslitaleikja í A flokki en þá voru allir úrslitaleikir í fullorðinsflokki spilaðir hver á eftir öðrum.

Sýningarleikur var spilaður á laugardeginum þar sem unglingalandslið kvenna þær Berglind og Elísabet vægast sagt mokuðu sandi yfir þá félagi Egil Einarsson og Auðunn Blöndal. Leikurinn þótti mikil skemmtun og þá sérstaklega að þessir stóru hraustu menn skyldu bíða lægri hlut fyrir stúlkum sem eingöngu voru 15 og 12 ára gamlar.

Eins og undanfarin ár var mikil skemmtun og afþreying fyrir áhorfendur. Hoppikastali var á staðnum fyrir yngstu áhorfendurnar. Áhorfendur gátu fengið sér Fanta að vild sem og Kjörís til að kæla sig í blíðunni. Einnig var farið í hinn sívinsæla "gullgrafaraleik" þar sem áhorfendur grófu eftir ýmsum vinningum sem grafnir höfðu verið í sandinn.

Fjöldi fyrirtækja gerði okkur mögulegt að halda þetta mót með svo veglegum hætti og má þar nefna Vífilfell (Fanta), Under Armour á Íslandi, S. Helgason, Ellingsen, Sambíóin, Kjörís, Toyota, Örninn, Vodafone, Litboltavöllur.is, River Rafting og fleiri.

B flokkur karla

Til úrslita í B flokki karla spiluðu þeir Óskar Þórðarsson og Arnar Björnson frá Hyrnunni Siglufirði á móti þeim Jóni Ólafi Valdemarssyni og Haraldi Björnssyni frá Hamri Hveragerði. Svo fór að Jón og Haraldur sigruðu leikinn 2 - 0 (21-17 / 21-14).

Í þriðja sæti í karlaflokki var lið frá Keflavík, en eini völlurinn í Keflavík er staðsettur í bakgarði á veitingastað þar í bæ. Þeir vöktu því mikla athygli þeir Eypór og Axel sem komu vægast sagt fljúgandi inni mótið, sýndu frábæra takta og hraða í sandinum þrátt fyrir að hafa æft íþróttina í mjög stuttan tíma.

B flokkur kvenna

Til úrslita í B flokki kvenna spiluðu þær Hera Ármannsdóttir og Oddný Jökulsdóttir Hetti Egilsstöðum á móti Önnu Maríu Björnsdóttur og Rósu Dögg Ómarsdóttur Hyrnunni Siglufirði. Leikurinn endaði með sigri Heru og Oddnýjar 2-0 (21-19 / 21-13)

Það vakti athygli í B flokkunum að til úrslita bæði í karla og kvennaflokki voru lið frá Siglufirði, en Siglufirðingar hafa eingöngu haft strandblakvöll síðan í sumar. Einnig er frábært að tvö efstu liðin skuli vera af landsbyggðinni og sýnir að íþróttin dreifist hratt um landið.

A flokkur karla

A flokkur karla var spilaður á laugardaginn og voru 8 lið skráð til leiks. Mótið var jafnara en oft áður og mátti sjá marga hörku leiki.

Íslandsmeistarar síðasta árs þeir Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson fóru taplausir í úrslitaleikinn þar sem þeir mættu þeim Emil Gunnarssyni og Eiríki Eiríkssyni. Þessi lið áttust við fyrr í mótinu og þá sigruðu þeir Einar og Brynjar 2-0 (21-13 / 21-17).

Úrslitaleikurinn milli þessara liða varð hörku leikur og mikið um hörku skelli, kaf-blokkir og flottar varnir. Svo fór að lokum að þeir Emil og Eiríkur sigruðu leikinn 2-1 (13-21 / 22-20 / 15-13).

A flokkur kvenna

A flokkur kvenna var einnig spilaður á laugardaginn og voru 7 lið skráð til leiks. Fyrir mótið mátti búast við hörku keppni efstu liða og varð sú raunin. Eins og í karlaflokki fóru þær Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir taplausar inni úrslitin eftir að hafa sigrað þær Birnu Baldursdóttur og Ingibjörgu Gunnarsdóttur í hörku leik 2-1 (21-18 / 15-21 / 16-14).

Birna og Ingibjörg unnu sér rétt til að spila úrslitaleikinn með því að sigra þær Hjördís Eiríksdóttur og Fjólu Svavarsdóttur í undanúrslitum 2-0 (21-17 / 21-9).

Úrslitaleikurinn var því á milli þeirra Fríðu og Birtu annarsvegar og Birnu og Ingibjargar hinsvegar. Leikurinn varð hörku leikur og því lík skemmtun fyrir áhorfendur.

Leikurinn endaði með sigri þeirra Fríðu og Birtu 2-0 (21-15 / 21-19).

Íslandsmeistarar í kvennaflokki 2011

1. sæti - Birta Björnsdóttir og Fríða Sigurðardóttir (HK)
2. sæti – Birna Baldursdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir (KA / HK)
3. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Fjóla Svavarsdóttir (Stjarnan / Þróttur R)

Íslandsmeistarar í karlaflokki 2011

1. sæti - Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson (Stjarnan)
2. sæti - Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson (HK)
3. sæti – Ingólfur Guðjónsson og Alexander Stefánsson (HK)



Íslandsmeistarar í B-flokki kvenna

1. sæti - Hera Ármannsdóttir og Oddný Jökulsdóttir (Höttur)
2. sæti - Anna M Björnsdóttir og Rósa Dögg Ómarsdóttir (Hyrnan)
3. sæti - Lilja M Hreiðarsdóttir og Andrea Burgherr (Fylki)

Íslandsmeistarar í B-flokki karla

1. sæti - Jón Ólafur Valdemarsson og Haraldur Björnsson (Hamri)
2. sæti - Óskar Þórðarsson og Arnar Björnsson (Hyrnan)
3. sæti - Eyþór Pétursson og Axel Þór Margeirsson (Keflavík)

Unglingamót BLÍ

Stigamót I í unglingaflokki – Flúðum 18. júní 2011

Í fyrsta sinn var keppt boðið uppá keppni í 2 unglingaflokkum, U-21 og U-17 í karla- og kvennaflokki. Ekki mættu mörg lið til leiks á þessu fyrsta móti í þessum flokkum, en það er von okkar með góðum völlum á austurlandi að bæting verði á.

Í unglingaflokki U-21 kvenna kepptu þær Elísabet og Berglind til úrslita við þær Steinunni og Hjördísi. Leikurinn endaði með sigri Elísabetar og Berglindar.

Í unglingaflokki U-17 kvenna kepptu þær Elísabet og Berglind einnig til úrslita á móti þeim Thelmu Dögg og Rósborgu. Elísabet og Berglind unnu einnig þann leik.

Í unglingaflokki U-21 karla urðu sigurvegarar þeir Orri Þór Jónsson og Lúðvík már Matthíasson

Í unglingaflokki U-17 karla urðu sigurvegarar þeir Lúðvík Már Matthíasson og Elías Rafn Ólafsson.

U-21 stúlkur

1. sæti – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)



2. sæti – Steinunn Björgólfsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir

U-17 stúlkur

1. sæti – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
2. sæti – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)

U-21 drengja

1. sæti – Orri Þór Jónsson og Lúðvík Már Matthíasson (HK)

U-17 drengja

1. sæti – Lúðvík Már Matthíasson og Elías Rafn Ólafsson (HK)

Stigamót II í unglingaflokki – í Neskaupstað 17. júlí 2010

4 lið mættu til leiks í unglingaflokki en það er öllu minna en búist var við þar sem einn besti völlur á landinu er á Neskaupstað. 3 lið mættu til leiks í flokki U-21 stúlkna, 3 lið í U-17 stúlkna og 2 lið í U-21 drengja

Úrslitin urðu eftirfarandi:

U-21 kvenna

1. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (Stjarnan / HK)
2. sæti - Berglind Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir (HK)
3. sæti - Lilja Einarsdóttir og Helena Kristín Gunnarsdóttir (Þrótti Nes)

U-17 kvenna:

1. sæti - Berglind Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir (HK)
2. sæti - Thelma Dögg Grétarsdóttir og María Rún Karlsdóttir (UMFA / Þróttur Nes)
3. sæti - Eydís Elva Gunnarsdóttir og Þórunn Egilsdóttir (Þrótti Nes)

U-21 karla:

1. sæti - Ólafur J Júlíusson og Orri Þór Jónsson (HK)
2. sæti - Alexander Stefánsson og Ingólfur Hilmar Guðjónsson (HK)

Fantamótið / Íslandsmót unglinga – Fagralundi Kópavogi 12. – 14. ágúst 2011

Spilað var til úrslita í unglingaflokkum sunnudaginn 14. ágúst. Nokkur lið voru mætt en þó færri heldur en forsvarsmenn höfðu vonast eftir sumarið.

Úrslitin á Íslandsmótinu urðu eftirfarandi

U-21 karla

1. sæti - Ólafur J Júlíusson og Alexander Stefánsson (HK)
2. sæti - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þór Þorsteinsson (HK)
3. sæti - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile C Gauvrit (UMFA)

U-21 kvenna

1. sæti - Birta Björnsdóttir og Helena Kristín Gunnarsdóttir (HK / Þróttur N)
2. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (Stjarnan / HK)
3. sæti - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

U-17 karla

1. sæti - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þór Þorsteinsson (HK)
2. sæti - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile C Gauvrit (UMFA)

U17 kvenna

1. sæti - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

Stigameistarar

Stigameistarar 2011

Allt sumarið unnu einstaklingar sér inn stig í Fantamótaröðinni og var lokamótið hluti af stigamótaröðinni.

Í karlaflokki varð stigameistari 2011 Einar Sigursson (HK). Í kvennaflokki varð öllu erfiðara að finna sigurvegara þar sem fyrir lokamótið voru tvær jafnar, þær Svala Guðmundsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir. Á hæla þeirra kom Hjördís Eiríksdóttir með tveimur stigum færra.

Hjördís endaði í þriðja sæti á mótinu um helgina en þær Svala og Guðrún í fimmta sæti og náði Hjördís sér því í tvö stig umfram þær Svölu og Guðrúnu og jafnaði þær þar með. Þær urðu því allar stigameistarar 2011 þær Hjördís Eiríksdóttir (Stjarnan, Svala Guðmundsdóttir (UMFA) og Guðrún Sveinsdóttir (UMFA).

Stigameistarar unglunga 2011

U-21 drengja - Orri Þór Jónsson (HK) og Ólafur J Júlíusson (HK).

U-21 stúlkna - Hjördís Eiríksdóttir (Stjarnan) og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (HK)

U17 drengja - Lúðvík Már Matthíasson (HK)

U17 stúlkna - Elísabet Einarsdóttir (HK) og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokki:

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson

2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson

2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson

2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson

2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage

2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson

2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson

2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson

Í kvennaflokki:

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir

2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir

2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir

2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir

2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir

2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir

2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir

2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir

Landsliðsverkefni

Ólympíuleikar smáþjóða í Liechtenstein 31. maí - 4. Júní 2011

Strandblaklandslið karla og kvenna mættu galvörsk til Liechtenstein til þess að keppa á Ólympíuleikum smáþjóða. Eins og áður höfðu liðin ekki langan tíma til að undirbúa sig fyrir keppni vegna aðstöðuskorts.

Strætómenning heimamanna var í það flóknasta og fór ekki vel í alla, þar sem dagarnir virtust snúast meira um það að vera í strætó en spila strandblak. Ekki bætti úr skák að Íslendingarnir gistu ekki einu sinni í Liechtenstein heldur í Austurríki og þurftu því að fara yfir landamærin í hvert sinn sem þau spiluðu.

Landslið karla að þessu sinni var skipað þeim Einari Sigurðssyni (HK) og Róberti Karli Hlöðverssyni (Stjarnan). Landslið kvenna var skipað Laufeyju Björku Sigmundssynni (HK) og Birnu Baldursdóttur (KA). Landsliðsþjálfari var Karl Sigurðsson.

Fyrsti leikur þeirra Einars og Róberts var við ungt og sprækt lið heimamanna. Fastir skellir og flott spil sáust oft á tíðum hjá báðum liðum. Heimamenn höfðu þó nokkra yfirburði og sigruðu leikinn 2-0 (21-14 / 21-11).



Piltarnir enduðu í 5. sæti á mótinu af 5 liðum

ISL LIE 0-2 (14-21, 11-21)
AND ISL 2-0 (21-4, 21-16)
MON ISL 2-0 (21-17, 21-11)
ISL CYP 0-2 (19-21, 5-21)

Mágkonurnar Birna og Laufey sem skipuðu landslið kvenna áttu einnig sinn fyrsta leik gegn sterku liði heimamanna (Lie). Liechtenstein byrjaði leikinn mun betur en Ísland og fór svo að heimamenn sigruðu 2-0 (21-14 / 21-14)



Svo fór að kvennaliðið endaði einnig í 5. sæti á mótinu af 5 liðum og fóru leikirnir

ISL LIE 0-2 (14-21, 11-21)
AND ISL 2-0 (21-4, 21-16)
MON ISL 2-0 (21-17, 21-11)
ISL CYP 0-2 (19-21, 5-21)

Fyrsta unglingalandslið Íslands í strandblaki

Landsliðsþjálfarinn valdi fjórar stúlkur, tvö landslið, til að keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti (NEVZA) unglinga U-19 sem fram fór í Drammen í Noregi, helgina 20. - 21. ágúst 2011.

Þetta fyrsta unglingalandslið Íslands í strandblaki skipuðu þær Hjördís Eiríksdóttir (Stjarnan), Helena Kristín Gunnarsdóttir (Þróttur Nes), Berglind Gígja Jónsdóttir (HK) og Elísabet Einarsdóttir (HK). Þjálfari var Karl Sigurðsson og fararstjóri Ásta Sigrún Gylfadóttir.

Mætt til leiks voru lið frá Svíþjóð, Noregi og Íslandi og fengu Íslendingar mikið lof fyrir að mæta með lið á mótið, en stærri strandblakþjóðir eins og Danmörk og Finnland sendu ekki keppendur að þessu sinni.

10 lið tóku þátt í mótinu í kvennaflokki, 4 frá Svíþjóð, 4 frá Noregi og svo 2 frá Íslandi.

Íslensku liðin skipuðu stúlkur sem höfðu verið mikið í sandinum og náð langt hér innanlands í greininni, verið duglegar að taka þátt í fullorðinsflokkum sem og unglingaflokkum, og því voru þær valdar í þetta verkefni.

Liðin frá Noregi og Svíþjóð æfa strandblak allt árið þar sem þau hafa hús með strandblakvöllum til að æfa í á veturna. Liðunum okkar gekk því ágætlega á mótinu miðað við þann tíma sem við getum verið í sandinum, eða þessa 3 mánuði á ári. Það má því segja að það sé sama uppá teningnum þegar unglingalið eru send út, eins og þegar keppt er í A-landsliðum, að leikmenn hafa getu til að ná mun lengra, og jafnvel sigra svona mót, ef eingöngu þeir hefðu betri aðstöðu (innivelli).

Mótið var spilað á tveimur völlum í úthverfi Drammen í Noregi, en úrslitaleikirnir síðan spilaðir á velli sem búið var að setja upp í miðbæ Drammen. Íslensku liðin komust því miður ekki í úrslitaleikina þrátt fyrir fína leiki.

Lið 2 hjá Íslandi skipuðu þær Berglind Gígja og Elísabet, en lið 1 hjá Íslandi skipuðu þær Helena Kristín og Hjördís.

Leikir íslensku liðanna fóru þannig:

Ísl 2 / Nor 1 = 0-2 (12-21 / 17-21)

Ísl 2 / Nor 4 = 0-2 (7-21 / 14-21)

Ísl 2 / Sví 2 = 1-2 (21-19 / 23-25 / 12-15) Fyrsta hrina unnin í unglingalandsleik

Ísl 2 / Sví 3 = 0-2 (22-24 / 18-21)

Ísl 2 / Sví 4 = 0-2 (15-21 / 19-21) leikur um 7. sæti

Ísl 1 / Nor 2 = 0-2 (19-21 / 14-21)

Ísl 1 / Nor 3 = 0-2 (10-21 / 11-21)

Ísl 1 / Sví 1 = 0-2 (4-21 / 11-21)

Ísl 1 / Sví 4 = 2-1 (25-23 / 15-21 / 15-5) Fyrsti sigur í unglingalandsleik

Ísl 1 / Sví 2 = 2-0 (21-16 / 21-19) leikur um 5. sæti

Bæði liðin stóðu sig vel á mótinu. Þær Helena og Hjördís enduðu því í 5. sæti mótsins, en þær Berglind og Elísabet í því 8. - Flottur árangur hjá fyrsta unglingalandsliði Íslands í strandblaki.

Það er greinilegt að Íslendingar eru ekki langt undan hinum þjóðunum í þessari íþrótt og áttu bæði liðin heima á þessu móti. Það er því ekki spurning að Ísland á að taka þátt í þessu móti á komandi árum.

Strandblakvellir á landinu

Fjölgun strandblakvalla heldur áfram og eru vellir að bætast við í hinum ýmsu plássum. Nýr völlur leit dagsins ljós í Búðardal í Dalasýslu og Egilsstaðabúar bættu við öðrum velli á skjólsælt svæði inni miðjum bæ.

Lokaorð

Strandblaksumarið 2011 var í alla staði frábært og gott að vita til þess að á hverju ári bætum við met í fjölda liða til að taka þátt í mótum. Ný lið bæði í kvenna og karlaflokki litu dagsins ljós og keppnin varð harðari og jafnari.

Sérstaklega var gaman að fá Fanta sem styrktaraðila mótsins, því það gaf því annað vægi og kom því á örlítið hærra plan.

Unglingalandsliðin okkar stóðu sig frábærlega á norðurlandamótinu og þurfum við að gera meira í því að styrkja unglingana okkar í íþróttinni. Einnig teljum við það hafa verið gott skref að halda mót fyrir tvo aldursflokka ungmenna til að gefa þeim fleiri tækifæri á að taka þátt í mótum, þó svo við hefðum viljað sjá fleiri til að byrja með, en það kemur væntanlega síðar.

Komandi sumar lítur vel út, gamlar hetjur ætla að taka fram tásurnar að nýju og ný lið eru að myndast vítt og breytt um landið.

Í lok síðasta árs var gefið vilyrði fyrir því að setja upp strandblakvelli innanhúss, en það eru rekstraraðilar Sporthússins í Kópavogi sem ætla að ríða á vaðið og verða fyrstir á landinu með slíka aðstöðu. Það er von okkar að þetta eigi eftir að ganga eftir en áætlað er að vellirnir verði tilbúnir um miðjan ágúst 2012. Þetta verður gífurleg lyftistöng fyrir íþróttina því hægt verður að æfa allt árið.

Framtíðin er því ekki bara björt fyrir íþróttina heldur alveg skínandi.

Fyrir hönd Strandblaknefndar BLÍ

Karl Sigurðsson

Karl Sigurðsson

Formaður strandblaknefndar

Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2011

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur

Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar


Ársreikningur þessi fyrir árið 2011 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2011, efnahagsreikningi þann 31. desember 2011 auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkið hann hér með með undirritun okkar.


Jason Ivarsson

formaður BLÍ



Aðalsteinn Einar Eymundsson

gjaldkeri BLÍ



Sævar Már Guðmundsson

framkvæmdastjóri BLÍ

Áritun skoðunarmanna BLÍ

Við undirritaðir skoðunarmenn BLÍ höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2011. Við höfum yfirfarið efnahagsliði í árslok og fengið greið svör við öllum fyrirspurnum.


Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.



Hjörtur Bjarki Halldórsson

kjörinn skoðunarmaður

Akureyri, 9. maí 2012



Davíð Búi Halldórsson

kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2011

	skýr	2011	2010
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	11.248.504	9.595.462
Mótatekjur.....	2	6.371.852	6.122.108
Aðrar tekjur.....	3	10.907.969	12.641.641
		28.528.325	28.359.211
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	7.242.910	4.880.148
Íþróttaleg viðskipti.....	5	18.963.362	18.354.938
Kynning og fræðsla.....	6	348.647	479.140
Önnur gjöld.....	7	1.501.277	384.418
Afskriftir.....	8	250.000	250.000
		28.306.196	24.348.644
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		222.129	4.010.567
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur.....	9	(15)	586
Vaxtagjöld.....	10	(395.994)	(619.139)
		(396.009)	(618.553)
Hagnaður (tap) ársins		<u>(173.880)</u>	<u>3.392.014</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	skýr	2011	2010
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	98.870	98.870
Blakdúkur.....	12	<u>1.000.000</u>	<u>1.250.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		1.098.870	1.348.870
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	2.395.360	3.667.620
Handbært fé	14	<u>24.475</u>	<u>6.762</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		2.419.835	3.674.382
 Eignir samtals		<u>3.518.705</u>	<u>5.023.252</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	skýr	2011	2010
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap.....	15	363.912	537.792
<i>Eigið fé samtals</i>		363.912	537.792
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....	16	1.900.698	2.525.022
Kreditkort.....	17	865.285	1.583.463
Ógreiddur kostnaður.....	18	295.582	181.414
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	93.228	195.561
<i>Skuldir samtals</i>		3.154.793	4.485.460
 Eigið fé og skuldir samtals			
		3.518.705	5.023.252

Sundurliðanir

Tekjur

Framlög og styrkir

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	1.651.782		
Ungir og efnilegir.....	500.000		
Lottó.....	3.723.706		
Ólympíufjölskyldan.....	320.000		
Afreksstyrkir ÍSÍ.....	800.000		
Ríkisstyrkur.....	2.577.356		
Aðrir styrkir.....	1.675.660		
		1	11.248.504

13000 Yngriflokkaneftnd

Þátttökugjöld Öldungamót BLÍ.....	937.500		
Afreksbúðir BLÍ.....	399.000	3	1.336.500

14100 A Landslið karla

Ferðagjald.....	1.211.100		
Styrkir.....	227.907		
		3	1.439.007

14200 A landslið kvenna

Ferðagjald.....	1.011.534		
Styrkir.....	110.593		
Fjáröflun.....	31.200		
		3	1.153.327

14400 U 19

ferðagjald.....	1.803.000		
sala.....	297.000	3	2.100.000

14500 U 17

ferðagjald.....	2.056.600		
sala.....	497.900		
		3	2.554.500

14600 Strandblak - landslið

Ferðagjald.....	403.895		
		3	403.895

15100 Bikarkeppni

þátttökugjöld.....	600.000		
styrktaraðilar.....	317.000		
aðgangseyrir.....	107.711	2	1.024.711

15200 Íslandsmót

þátttökugjald.....	4.015.000	2	4.015.000
--------------------	-----------	---	-----------

15300 Yngriflokkamót

þátttökugjald.....	45.600	2	45.600
--------------------	--------	---	--------

15400 Strandblaksmót

þátttökugjöld.....	333.500		
styrkir, boltasala o.fl.....	109.795	2	443.295

15550 Alþjóðamót

NEVZA styrkur o.fl.....	843.246	2	843.246
		2	6.371.852

Fjáraflanir

landslíð.....	722.100		
aðrir.....	401.945		
sala fræðsluefnis.....	30.500	3	1.154.545

Annað

félagaskipti.....	108.000		
aðrar tekjur.....	658.195		
		3	766.195
		3	10.907.969

Gjöld

Laun og launatengd gjöld

laun.....	2.557.880		
tryggingagjald.....	257.718		
mótframlag í lífsj.....	216.685		
mótframlag í séreignarsjóð.....	54.173		
orlofs og desemberuppbót.....	100.700		
mótframlag til stéttarfélags.....	42.791		
dagpeningar.....	667.750	4	3.897.697

32000 Stjórnunarkostnaður

funda og þingkostnaður.....	123.950		
kaffikostnaður og risna.....	165.660		
tölvukostnaður heimasíða.....	141.618		
ferðakostnaður v/námskeiða.....	457.362		
námskeið.....	205.638		
húsaleiga.....	406.236	4	1.500.464
		4	7.242.910

33100 Yngriflokkanevnd

þóknun til þjálfara.....	300.000		
ferðakostnaður þjálfara.....	81.177		
matur v/afreksbúða.....	175.392		
fyrirlestur.....		5	556.569

34100 A-landslíð karla

ferðir smáþjóðaleikar karla.....	1.500.000		
uppihald em.....	39.759		
ferðakostaður innanlands kk.....	194.668		
ferðir EM.....	1.175.561		
uppihald EM.....	354.159		
önnur verkefni.....	101.974		
þjálfarar.....	220.000		
annað.....	404.552	5	3.990.673

34200 A-landslíð kvenna

smáþjóðaleikar.....	1.500.000		
annar ferðakostnaður v/smáþj.leika.....	263.640		
önnur verkefni - LUX.....	210.634		
ferðakostnaður innanlands LUX.....	40.640		

þjálfarar.....	250.000		
búningar.....	216.601		
annað.....	216.092	5	2.697.607
36000 Strandblak - landslið			
ferðir smáþjóðaleikar.....	500.000		
uppihald smáþjóðaleikar.....	66.535		
U19 í Noregi.....	592.321		
ferðakostnaður innanlands.....	84.380		
þjálfarar.....	150.000	5	1.393.236
37000 U 19			
ferðir	1.733.947		
uppihald	871.600		
ferðakostnaður innanlands	97.740		
þjálfarar.....	300.000		
annað.....	590.638	5	3.593.925
57000 U 17			
ferðir kvk.....	1.585.918		
uppihald.....	637.150		
ferðakostnaður.....	165.170		
þjálfarar.....	300.000		
annað.....	886.780	5	3.575.018
42000 Íslandsmót			
dómarar.....	1.749.500		
verðlaun.....	214.500		
ferðakostnaður	241.556		
annað.....	125.020	5	2.330.576
43000 Yngriflokkamót			
verðlaun.....	98.650		
annað.....		5	98.650
45000 Strandblaksmót			
verðlaun.....	38.346		
annað.....	29.000	5	67.346
48000 Öldungamót			
dómarar.....	26.973		
annað.....		5	26.973
48500 Bikarmót			
húsaleiga.....	112.124		
dómarar.....	214.000		
verðlaun.....	28.400		
auglýsingar.....	107.415		
annað.....	170.850	5	632.789
		5	18.963.362

53000 Rekstur skrifstofu

sími.....	234.024		
ritföng.....	41.258		
prentun.....	55.247		
póstkostnaður.....	32.970		
gjaldfærð áhöld.....	587.591		
viðhald áhalda.....	311.018		
annar skrifstofukostnaður.....	582.641	4	1.844.749

56000 kynning fræðsla útbreiðsla

ferðakostnaður.....	233.061		
styrkir.....	72.000		
fræðsluefni.....	43.586	6	348.647
		6	348.647

ýmislegt

ýmis kostnaður.....	1.196.027	7	
þjónustugjöld banka.....	250.723		
árgjöld NEVZA.....		7	
árgjöld CEV.....	41.250	7	
árgjöld FIVB.....	13.277	7	
fyrningar.....	250.000	8	1.751.277
		7	1.501.277
		8	250.000

fjárm.tekjur og gjöld

vaxtatekjur.....	(15)	9	(15)
vaxtagjöld.....	395.979	10	
greiðslukortabókun.....		10	
fjármagnstekjuskattur.....	15	10	(395.994)

Sundurliðanir

Eignir

Tölvubúnaður.....	98.870	11	
Blakdúkur.....	1.000.000	12	
Viðskiptakröfur inneign hjá félögum.....	165.000	13	
viðskiptakröfum sölukerfi.....	2.456.692	13	
viðskiptareikningur ÍsÍ.....	(626.332)	13	
ÍSI sjóðir.....	400.000	13	2.395.360
reikningur 4062.....	4.330	14	
reikningur 2272 kvk landslið.....	679	14	
reikningur 2271 kk landslið.....	279	14	
reikningur strand 7571.....	19.187	14	24.475

Skuldir

reikningur 7570.....	(1.252.953)	16	
reikningur 1918.....	(647.745)	16	(1.900.698)
Kreditkort.....	(865.285)	17	
ógreiddur kostnaður.....	(295.582)	18	
ógreiddir aðrir skattar.....	29.868	19	
ógreidd staðgreiðsla.....	21.750	19	
ógreidd lífeyrissjóðsgjöld.....	(31.504)	19	
ógreidd séreign.....	(20.811)	19	
fyrirframgreidd laun.....	(49.362)	19	
ógreitt meðlag.....	(43.169)	19	(93.228)

Eigið fé

Höfuðstóll (ójafnað tap) frá fyrra ári.....	537.792		(2.854.222)
Afkoma ársins.....	(173.880)		3.392.014
	<u>363.912</u>	15	<u>537.792</u>

Viðaukar

Refsingar og staða spjalda eftir leiktímabilið

Tveir þjálfarar tók út leikbann á leiktíðinni

Apostol Apostolov, Aftureldingu fyrir rautt spjald í bikarkeppni
Piotr Kempisty, KA fyrir rautt spjald í Mikasadeildinni

Staða gulra spjalda

Piotr Kempisty, þjálfari kvennaliðs KA 1 gult
Filip Szcwzyk, KA 1 gult
Zdravko Demirev, þjálfari kk HK, 1 gult
Vignir Þröstur Hlöðversson, Stjórnunni, 1 gult
Árni Garðarsson, Fylki, 1 gult
Ólafur Jóhann Júlíusson, Fylki, 1 gult
Elín Kristmundsdóttir, Þrótti Rb, 1 gult
Óskar Helgason, Hrunamenn, 2 gul
Geomar M. Orbon, Stjórnunni 2, 2 gul
Sigurbjörn Friðgeirsson, UMFL, 1 gult
Anna Vilbergsdóttir, Stjórnunni B, 1 gult
Apostol Apostolov, Þjálfari Aftureldingar C, 1 gult
Apostol Apostolov, Þjálfari Aftureldingar, 1 gult

Listi dómara yfir fjölda dæmdra leikja

Landsdómarar 2010-2011	Mikasadeild	neðri deildir	bikarkeppni	úrslitakeppni	fjöldi leikja
Grímur Magnússon	1				1
Hannes Karlsson	9			2	11
Jason Ívarsson	9	11			20
Jóhannes Stefánsson	2	1			3
Jón Ólafur Valdimarsson	23	14	2	4	43
Kristján Geir Guðmundsson	9	2	1	2	14
Leifur Harðarson	16	5	2	4	27
Marinó Þorsteinsson	12			3	15
Ólafur Jóhann Júlíusson	3	9	1		13
Andrea Burgherr	6	6	1	2	15
Stefán Jóhannesson	11	6	2	3	22
Svala Vignisdóttir	7	5		1	13
Sævar Már Guðmundsson	12	15	2	3	32
Valgeir Valgeirsson	4	9	1		14
Hlöðver Hlöðversson	3			1	4

Héraðsdómarar 2010-2011	Mikasadeild	neðri deildir	bikarkeppni	úrslitakeppni	fjöldi leikja
Andri H Sigurjónsson		4			4

Anna María Reynisdóttir		1			1
Garðar Svansson		7			7
Hrefna Stefánsdóttir		1			1
Ingólfur Hilmar Guðjónsson	3	11			14
Jóhann Keith Hearn		17			17
Ásdís Birna Pálsdóttir		1			1
Ásta Sigrún Gylfadóttir		6			6
Hugrún Ólafsdóttir		3			3
Orri Þór Jónsson	3	14			17
Ólafur Arason	3	11			14
Martin Marinov	3			2	5
Gunnar Bjarni Guðmundsson		6			6
Susanne Freuler		5			5
Valdimar Hafsteinsson		1			1
Ursula Jüneman		6			6
Viðar Gylfason	1	3			4
Hjördís Eiríksdóttir		13			13
Karl Rúnar Róbertsson	1				1
Aðalsteinn Eymundsson		2			2
Guðmundur S. Stefánsson		12			12
Sigurður Örn Gunnarsson		5			5
Baldur Rúnarsson		4			4
Guðrún Kristín Einarsdóttir		9			9
Sigurbjörn Árni Arngrímsson		7			7
Kent Lauritzen		1			1
Arnar Guðmundsson		7			7
Auður Rafnsdóttir		3			3
Harpa Grímsdóttir		2			2
Sigurður Jón Hreinsson		6			6

Úrslit leikja Íslandsmótsins í blaki

Á heimasíðu Blakarans www.blak.is má finna öll úrslit leikja fyrir tímabilið 2010-2011. – netútgáfa.